



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

DÓMUR

4. apríl 2024

Mál nr. E-4363/2022:

Stefnandi: A

(Hilmar Garðars Þorsteinsson lögmaður)

Stefndu: Matvælastofnun og íslenska ríkið

(Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir lögmaður)

Dómari: Ingiríður Lúðvíksdóttir héraðsdómari

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur, fimmtudaginn 4. apríl 2024, í máli nr. E-4363/2022:

A

(Hilmar Garðars Þorsteinsson lögmaður)

gegn

Matvælastofnun og íslenska ríkinu

(Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir lögmaður)

Þetta mál, sem var tekið til dóms 8. febrúar 2024, höfðar A, [...], Reykjavík, með stefnu, birtri 23. september 2022, á hendur Matvælastofnun og íslenska ríkinu.

Stefnandi gerir þá kröfu á hendur Matvælastofnun að úrskurður kærunefndar jafnréttismála, í máli nr. 13/2020 frá 21. október 2020, verði felldur úr gildi.

Stefnandi gerir þá kröfu á hendur íslenska ríkinu að það greiði honum miskabætur sem nemi 1.500.000 kr. með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 3. júní 2020 til 27. október 2022, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi viðurkenningar á því að íslenska ríkið beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans vegna missis atvinnutekna sökum ákvörðunar stefnda Matvælastofnunar um að synja umsókn stefnanda um starf sérfræðings við eftirlit með vinnslu matvæla í maí 2020.

Stefnandi krefst óskipts (in solidum) málskostnaðar úr hendi beggja stefndu.

Stefndu krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins.

Til vara krefjast stefndu verulegrar lækkunar á dómkröfum og að í því tilviki verði málskostnaður felldur niður.

Málavextir

Stefnandi sótti um starf hjá opinberri stofnun, sem hann fékk ekki. Afar lítill munur var stigum hans og konu sem fékk starfið. Hann kærði ráðningu hennar til kærunefndar jafnréttismála með þeim rökum að honum hefði verið mismunað á grundvelli kyns. Kærunefndin taldi það ekki sannað. Það er ágreiningsefni þessa máls hvort kærunefndinni hafi orðið á mistök þegar hún hafði kæru stefnanda til meðferðar þannig að á úrskurði hennar sé svo verulegur form- eða efnisannmarki að valdi ógildingu úrskurðarins.

Málavextir eru nánar þeir að stefndi Matvælastofnun auglýsti 30. apríl 2020 laus til umsóknar tvö störf sérfræðinga til að hafa opinbert eftirlit með vinnslu matvæla. Í auglýsingunni kom fram að leitað væri að jákvæðum og metnaðarfullum einstaklingum. Störfin væru án staðsetningar og allar starfsstöðvar stefnda kæmu til greina sem starfsstöð. Þetta væri fullt starf og það krefðist talsverðra ferðalaga um landið.

Helstu verkefni og ábyrgð sem fælust í starfinu væru eftirlit með fiskvinnslum og fiskiskipum; löndunaraðstöðu og aflameðferð; mjólkurvinnslum; kjötvinnslum; og önnur tengd eftirlits- og sérfræðistörf.

Í auglýsingunni voru gerðar þessar menntunar- og hæfniskröfur:

- Krafa um menntun í matvælafræði, dýralækningum, líffræði eða aðra menntun sem nýtist í starfi.
- Þekking á HACCP-aðferðafræðinni.
- Haldbær þekking og reynsla af vinnu við vinnslu matvæla.
- Reynsla af opinberu eftirliti er kostur.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Sjálfstæði, nákvæmni og skipulögð vinnubrögð.
- Vilji/hæfni til að starfa í teymi.
- Góð framkoma og lipurð í samskiptum.
- BÍlpróf er skilyrði.

Í auglýsingunni var tekið fram að umsóknum skyldi fylgja prófskírteini, ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð væri grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir því hvernig umsækjandi uppfyllti hæfniskröfur. Umsóknir skyldu sendar Matvælastofnun í tölvuskeyti merktar „Eftirlit með matvælaframleiðslu“. Umsóknarfrestur rann út 19. maí 2020.

Stofnuninni bárust sautján umsóknir. Stefnandi sendi Matvælastofnun tölvuskeyti 4. maí 2020 með umsókn sinni um starfið, en umsókn hans fylgdu engin gögn. Stofnunin hafði samband við stefnanda 5. maí 2020. Áréttað var við hann að leggja skyldi fram prófskírteini, ítarlega ferilskrá og kynningarbréf, eins og fram hefði komið í auglýsingu um starfið. Stefnandi sendi stofnuninni í kjölfarið fjögur tölvuskeyti, 6., 9., 10. og 23. maí 2020 og bætti við umsókn sína upplýsingum og fylgigögnum.

Við mat á umsóknum og ákvörðun um ráðningu í störfin var stuðst við fyrirfram ákveðna matsþætti sem byggðust á þeim menntunar- og hæfniskröfum sem auglýst var eftir. Hæfnisþáttunum var veitt svofellt vægi á matsblaði stofnunarinnar:

20%	Menntun (krafa)
15%	Reynsla af opinberu eftirliti (kostur)
15%	Þekking á matvælaframleiðslu/sjávarútvegi og reynsla (krafa)
10%	Samstarfshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum (teymisvinna)
5%	Sjálfstæði, nákvæmni og skipulögð vinnubrögð

5%	Tölvukunnátta
15%	Þekking á gæðakerfum, löggjöf og HACCP (krafa)
10%	Færni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku
5%	Umsagnir

Til viðbótar við þær hæfniskröfur sem voru gerðar í auglýsingunni var höfð hliðsjón af matsblaði sem var notað þegar ráðið var í annað starf hjá stofnuninni í nóvember 2019. Felldur var út hæfnisþátturinn „Þekking á lögum og reglum á sviði matvæla“ enda var talið að hann félli undir hæfnisþáttinn „Þekking á gæðakerfum, löggjöf og HACCP. Einnig var vægi tveggja hæfnisþátta breytt þannig að þátturinn „Reynsla af opinberu eftirliti“ var hækkaður úr 10% í 15% en „Sjálfstæði, nákvæmni og skipulögð vinnubrögð“ lækkaður úr 10% í 5%.

Að ráðningunni komu einkum tveir starfsmenn, sviðstjóri Neytendaverndar og fiskeldis og mannauðsstjóri, en þriðji starfsmaður tók þátt á fyrstu stigum ráðningarferlisins. Þeir fylltu út matsblaðið út frá þeim gögnum sem umsækjendur lögðu fram með umsókn sinni.

Í hverjum hæfnisþætti var hægt að fá allt að 4 stig. Á matsblaðinu var hæfnislýsing fyrir hvert stig. Í hæfnisþættinum „Reynsla af opinberu eftirliti“ var í upphafi einungis miðað við reynslu af því að sinna opinberu eftirliti. Þannig hafði það einnig verið á matsblaðinu sem var notað við ráðningu í nóvember 2019.

Samkvæmt gögnum málsins mun sviðstjóri hafa áttað sig á því að meðal umsækjenda væru gæðastjórar í matvælavinnslum sem hefðu í því starfi tekið á móti eftirlitsmönnum. Í skeyti til samstarfsmanna sinna 25. maí taldi hún að þeir umsækjendur ættu einnig að fá þá reynslu metna til allt að tveggja stiga í þessum hæfnisþætti í stað þess að sú reynsla fengi þar ekkert vægi. Af því tilefni var hæfnislýsingum fyrir 1 og 2 stig breytt og bætt við „þar á meðal samskipti við opinbert eftirlit“.

Fimm umsækjendur voru boðaðir í viðtal, stefnandi þeirra á meðal. Þeir uppfylltu allir kröfur um menntun og reynslu af framleiðslu matvæla. Viðtölin tóku mannauðsstjóri og sviðstjóri Neytendaverndar og fiskeldis hjá stofnuninni. Í viðtölunum kom fram að einn umsækjendanna hefði þekkingu á tölvuforriti sem heitir Power BI en sú þekking nýttist stofnuninni m.a. við gerð svokallaðra „mælaborða“. Hann var talinn hafa mesta tölvuþekkingu allra umsækjenda og var hæfnislýsingum fyrir 4 stig í þeim hæfnisþætti breytt á matsblaðinu eftir viðtölin. Að sögn sviðstjóra var það gert til þess að rökstyðja að þessi umsækjandi fengi 4 stig fyrir tölvukunnáttu.

Í ráðningarferlinu var ákveðið að kalla ekki eftir umsögnum frá umsagnaradilum og fékk enginn umsækjandi stig fyrir þann matsþátt.

Viðtöl voru tekin 27. maí 2020. Að þeim loknum var það niðurstaða stofnunarinnar að karl og kona væru hæst að stigum, hann með 3,60 stig og hún með 3,15 stig

og voru þau ráðin til starfa hjá stofnuninni. Stefnandi hlaut 3,05 stig. Að hans sögn var hann farið að lengja eftir niðurstöðu og hringdi hann í karlumsækjandann sem fékk flest stig. Kom þá í ljós að þegar hafði verið hringt í hann og honum tilkynnt að hann og konan fengju starfið.

Eftir að stefnandi hafði fengið upplýsingar um að hann hefði ekki verið ráðinn til starfans hringdi hann í mannauðsstjóra stefnda og spurði hvað hefði lækkað hann svo mikið í heildarmati að hann hlaut ekki starfið. Málsaðilar eru ekki á einu máli um hvert svarið var en að sögn stefnanda var því svarað til að hann hefði fengið lága einkunn fyrir þekkingu á HACCP-aðferðinni. Stefnandi telji sig hafa yfirburðapekkingu á HACCP og því hafi hann spurt hvernig slík niðurstaða yrði rökstudd.

Sama dag, 5. júní 2020, var honum sent í tölvuskeyti svarbréf vegna ákvörðunar um ráðningu í starfið. Stefnandi óskaði eftir rökstuðningi stefnda fyrir ákvörðuninni. Rökstuðningurinn barst í bréfi stefnda, dags. 10. júní 2020. Að beiðni stefnanda sendi stefndi honum með bréfi, dags. 15. júní 2020, skráningar úr viðtölum við þá umsækjendur sem voru ráðnir sem og stefnanda. Honum var einnig sendur matskvarði sem var fylltur út samkvæmt gögnum sem fylgdu umsóknum og því sem fram kom í viðtalinu sjálfu og afrit af þeim gögnum sem fylgdu umsóknum þeirra tveggja sem störfin fengu.

Við skoðun þessara gagna varð stefnanda ljóst að stefndi hafði ákveðið að leita ekki umsagnar meðmælenda um neinn umsækjanda þótt matsþátturinn „Umsagnir“ hefði haft 5% vægi, eins og fram kemur í rökstuðningi stefnda frá 10. júní.

Á matsblaðinu sem stefnanda barst 15. júní sá hann einnig að stigum hans fyrir matsþáttinn „Þekking á gæðakerfum, löggjöf og HACCP“ hafði verið fjölgað úr 3 í 4. Stefnandi telur þessi vinnubrögð vísbendingu um að illa hafi verið staðið að ráðningarferlinu því hefði umsókn hans verið lesin hefði mikil þekking hans á því sem fellur undir hæfnisþáttinn verið augljós. Miðað við framkvæmd ráðningarferlisins í heild telji hann að stofnunin hafi lækkað stig hans í öðrum matsþáttum til þess að vega upp á móti þessari hækkun. Tilgangur stofnunarinnar hafi verið að komast hjá því að þurfa að ráða stefnanda til starfa.

Eftir þetta var stefnandi ítrekað í samskiptum við stofnunina með tölvuskeytum og símtölum. Hann lagði þá fyrst fram upplýsingar um að hann hefði verið í námi í [...] árið 1989 og í því námi skrifað ritgerð á ensku.

Stefnandi kærði ráðningu konunnar til kærunefndar jafnréttismála með kæru sem barst nefndinni 1. júlí 2020. Nefndin kvað upp úrskurð 21. október 2020 í máli nr. 13/2020. Þar komst hún að þeirri niðurstöðu að stofnunin hefði hvorki brotið gegn lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla né lögum nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði við ráðningu í starfið.

Í úrskurðinum tók kærunefndin fram að hún teldi aðfinnsluvert að ekki hefði

verið rætt við umsagnaraðila. Vegna huglægra matsþátta hefði, í ljósi rannsóknarreglu stjórnisýsluréttar, verið fullt tilefni fyrir stofnunina til að leita umsagna. Með vísan til þess svigrúms sem opinberir veitingarvaldshafar nytu til þess að meta frammistöðu í viðtölum gerði kærunefndin ekki athugasemd við mat stofnunarinnar á huglægum matsþáttum þótt hún hefði ekki leitað umsagna um umsækjendur.

Stefnandi sendi umboðsmanni Alþingis kvörtun 26. nóvember 2020. Umboðsmaður lauk málinu með bréfi 26. febrúar 2021. Hann taldi gögn málsins sýna að Matvælastofnun hefði lagt heildstætt mat á hæfni umsækjenda og ekkert benti til þess að viðtöl við umsækjendur hefðu verið til málamynda. Af þeim sökum, með vísan til úrskurðar kærunefndarinnar og gagna málsins, taldi hann ekki forsendur til þess að gera athugasemdir við niðurstöður nefndarinnar.

Stefnandi telur alvarlega galla vera á úrskurði kærunefndar jafnréttismála, sem hafi leitt til rangrar niðurstöðu nefndarinnar. Hann höfðaði því þetta mál með stefnu birti 23. september 2022.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi telur úrskurð kærunefndar jafnréttismála rangan og ólögmatan og nefndina hafa brotið gegn fyrirmælum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 með þeirri niðurstöðu sinni að konan hafi staðið stefnanda framur að hæfni.

Stefnandi byggir á því að ráðning konunnar hafi meðal annars grundvallast á kyni hennar, en það sé, vegna meiri hæfni stefnda, brot gegn 26. gr. laga nr. 10/2008. Hann telur að með þessu hafi jafnframt verið brotin sú meginregla stjórnisýsluréttar að ráða skuli hæfasta umsækjandann. Þá telur stefnandi að kærunefnd jafnréttismála hafi brotið gegn fyrirmælum stjórnisýslulaga nr. 37/1993 með því að fallast á niðurstöðu stefnda um mat á umsækjendum sem hafi verið byggð á ómálefnalegum sjónarmiðum. Af þeim ástæðum telur stefnandi að úrskurður kærunefndar jafnréttismála í máli nr. 13/2020 sé haldinn verulegum annmörkum og beri að fella hann úr gildi.

Í fyrsta lagi byggir stefnandi á því að hann hafi verið konunni hæfari til að gegna starfi sérfræðings við eftirlit með vinnslu matvæla. Það sé brot á lögum nr. 10/2008 að ráða konu í starf þegar karl sé hæfari. Hann byggir á því að stefndi hafi ekki haft málefnaleg sjónarmið að leiðarljósi í ráðningarferlinu enda hafi stefnda ekki tekist að færa nægileg rök fyrir því að önnur sjónarmið en kyn umsækjenda hafi ráðið för við ráðninguna, eins og stefnda hafi borið að gera skv. 4. mgr. 26. gr. laga nr. 10/2008.

Í öðru lagi byggir stefnandi á því að þegar litið sé til hlutrænna þátta í mati á hæfni til starfsins standi hann konunni framur enda hafi hann mjög mikla reynslu af

störfum sem þjálfri þá eiginleika sem sérfræðingar við eftirlit með vinnslu matvæla þurfi að vera gæddir. Í auglýsingunni segi „Reynsla af opinberu eftirliti er kostur“. Þessa kröfu telji stefnandi eðlilega enda sé starfið eftirlitsstarf á vegum hins opinbera. Við mat á hæfni umsækjenda hafi verið fyllt inn í stigatöflu og hafi matsþátturinn „Reynsla af opinberu eftirliti“ fengið 15% vægi í heildarmati. Konan hafi fengið 2 af 4 stigum fyrir þennan matsþátt þótt hún hafi aldrei starfað sem opinber eftirlitsmaður heldur hafi einungis reynslu af því að taka á móti eftirlitsmönnum. Að mati stefnanda er það ómálefnalegt að telja reynslu af því að taka á móti eftirlitsmönnum falla undir reynslu af opinberu eftirliti og hann telji slíka reynslu engan veginn sambærilega við starf opinbers eftirlitsmanns. Stigagjöf stefnda og mat kærunefndar jafnréttismála á þessum þætti stigagjafar stefnda hafi brotið í bága við þá meginreglu stjórnisýsluréttar að stjórnisýsluákvarðanir skuli ávallt byggja á málefnalegum forsendum.

Stefnandi telji það eðlilegan skilning á orðalaginu „Reynsla af opinberu eftirliti er kostur“ að átt sé við starfsreynslu á sviði opinbers eftirlits. Annar skilningur sé langsóttur og í grunninn ómálefnalegt sjónarmið miðað við eðli starfsins og þar með ólöglegt. Stefnandi bendi á að það sé vel mögulegt að sníða kröfur stigatöflu að hæfileikum ákveðins umsækjanda. Hann telji vísbendingar vera um að við ráðninguna hafi það átt við um þetta atriði og tilgangurinn verið sá að réttlæta ráðningu konunnar fremur en stefnanda.

Þá bendi stefnandi á stigatöflu við dálk fyrir hæfnisþáttinn „Reynsla af opinberu eftirliti (kostur)“. Þar séu umsækjendum gefin 0–4 stig fyrir hæfni. Stefnandi telji það til marks um aðlögun hæfnisskilyrða, konunni í hag, að mögulegt sé að fá 1–2 stig fyrir að hafa átt í samskiptum við opinbert eftirlit. Þegar litið sé til hæfni sem gefi 2 stig í þessum flokki sé tveggja ára starf sem eftirlitsmaður við opinbert eftirlit metið til jafns við tveggja ára reynslu af að sæta eftirliti en í því síðarnefnda felist nokkurra stunda vinna á ársfresti við að taka á móti eftirlitsmanni. Þetta telji stefnandi ómálefnalegt sjónarmið sem stefnda hafi ekki verið heimilt að leggja til grundvallar við ákvörðun um það hvaða umsækjendur yrðu ráðnir til starfa.

Eftirlit með matvælafyrirtækjum fari almennt eftir 7. mgr. 22. gr. laga um matvæli nr. 93/1995. Þar segi að tíðni opinbers eftirlits skuli vera regluleg og í réttu hlutfalli við áhættu, að teknu tilliti til niðurstaðna úr eftirliti og samkvæmt eftirlitsáætlunum.

Til þess að varpa ljósi á hvaða reynslu konan hefði getað öðlast í samskiptum við opinbert eftirlit vísar stefnandi til skýrslna Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um reglubundið eftirlit með fyrirtækinu [...] þegar konan starfaði þar. Aðeins séu þrjár skráðar heimsóknir. Sé gert ráð fyrir því að hún hafi verið viðstödd allar heimsóknirnar teljist hún eiga í samskiptum við opinberan eftirlitsmann í fimm til sex klukkustundir á ári í starfi sínu hjá [...]. Önnur skjöl sýni samskipti hennar við opinbert eftir-

lit í störfum hennar hjá [...] og [...]. Því megi ætla að á fimm starfsárum hennar sem gæðastjóra hafi um 20 vinnustundir farið í bein samskipti við opinbera eftirlitsmenn.

Þá bendi stefnandi á að skýrslur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur beri fagmennsku konunnar ekki fagurt vitni sem gæðastjóra. Athugasemdir hafi verið gerðar við innra eftirlit, sýnatökur, notkun gesta og starfsmanna á hlífðarfatnaði á vinnu-
svæði, handþvott starfsmanna og meindýraeyðingu. Í skýrslu um eftirlit hjá [...] frá 24. október 2018 séu gerðar margar og alvarlegar athugasemdir sem varði nánast allar framkvæmd á HACCP-gæðakerfinu. Stefnandi telji þessar niðurstöður benda til þess að mat stefnda á hæfni konunnar til starfsins hafi verið rangt og byggt á ólögmætum sjónarmiðum sem hafi grundvallast á kyni umsækjanda. Þá telji stefnandi að þessar aðfinnslur kunni að vera ástæða þess að konan benti ekki á yfirmenn sína hjá [...] sem meðmælendur.

Í öllum öðrum flokkum á stigatöflunni sé ákveðin stígandi í stigagjöf eftir reynslu umsækjenda í viðkomandi matsþætti. Í flokknum „Reynsla af opinberu eftirliti (kostur)“ hafi bæst við önnur gerð af hæfni sem sé þó aðeins metin að hámarki til tveggja stiga. Án þessarar viðbótar hefði ekki verið mögulegt að gefa konunni annað en 0 stig fyrir matsþáttinn „Reynsla af opinberu eftirliti“.

Stefnandi byggir á því að stigagjöf fyrir umræddan matslið hafi verið ómálefna-
leg þar sem eins til tveggja ára reynsla af samskiptum við opinbert eftirlit geti gefið 2 stig samkvæmt stigatöflu en til dæmis 20 ára reynsla af samskiptum við opinbert eftir-
lit geti ekki gefið 3 stig. Þetta sýni að stefndi telji ekki sjálfur að til verði raunveruleg reynsla af opinberu eftirliti í starfi sem feli af og til í sér samskipti við opinbert eftirlit. Það hafi því verið ómálefnalegt sjónarmið hjá stefnda að jafna slíku saman við reynslu stefnanda sem hann öðlaðist sem opinber eftirlitsmaður. Hefði þessi matsþáttur verið metinn á málefnalegan hátt hefði stefnandi fengið fleiri heildarstig en konan.

Stefnandi telji umfjöllun kærunefndar jafnréttismála um þennan matsþátt haldna alvarlegum galla. Nefndin láti hjá líða að leggja raunverulegt mat á það hvort málefnalegt sé að samskipti við opinberan eftirlitsmann geti falið í sér reynslu af opin-
beru eftirliti. Stefnandi telji mat kærunefndar á þessum matsþætti ómálefnalegt og yfirborðskennt. Þar segi einfaldlega: „Kærði byggir aftur á móti á því að þrátt fyrir að sú sem ráðin hafi verið hafi ekki starfað við opinbert eftirlit þá hafi hún búið yfir reynslu af samskiptum við opinbera eftirlitsaðila úr störfum sínum í matvælafyrir-
tækjum þar sem hún hafi þurft að hafa hliðsjón af þeim kröfum sem gerðar séu í opin-
beru eftirliti við störf sín þar sem fyrirtækin sem hún hafi unnið hjá hafi sætt opinberu eftirliti. Kærandi hafi síðan mikla reynslu af opinberu eftirliti með matvælafyrir-
tækjum, en það hafi verið talið honum til tekna í matinu.“

Stefnandi telji það ómálefnalegt hjá kærunefndinni að gera stigagjöf stefnanda að umtalsefni í þessum matsþætti. Miðað við umfjöllun kærunefndar, í tilvitnuðum

texta, virðist stefnandi eiga að vera þakklátur fyrir að reynsla hans sé metin að verðleikum og það að hann fái 4 stig fyrir matsþáttinn. Augljóst sé að stefnandi hafi átt að fá 4 stig og að það sé umfjöllun um hæfni konunnar óviðkomandi. Hann telji einu ástæðu þess að kærunefndin fjalli þarna um stigagjöf hans vera þá að kærunefndin sé óbeint og ómálefnalega að réttlæta þau stig sem stefndi veitti konunni fyrir þennan matsþátt. Stefnandi telji að einungis hafi legið fyrir kærunefndinni að svara því hvort reynsla konunnar væri ofmetin í þessum matsþætti en í því felist mat á hvort samskipti við opinbera eftirlitsaðila teljist vera raunveruleg reynsla af opinberu eftirliti. Stefnandi telji umfjöllun um stig hans málinu óviðkomandi enda hafi kæra hans hvað þennan matsþátt varðaði aðeins beinst að of háu mati konunnar. Hann telji þetta sýna að ómálefnaleg sjónarmið hafi verið notuð til að réttlæta stigagjöf stefnda.

Í þriðja lagi telji stefnandi að stefndi hafi á ómálefnalegan hátt tekið út matsþátt að eigin geðþótta, en stefndi hafi ákveðið að gefa matsþættinum „Umsagnir“ 5% vægi eins og sjáist í rökstuðningi stefnda vegna ráðningarinnar 10. júní 2020 og af stigatöflu sem var þá notuð við val á umsækjendum. Þessi matsþáttur sé birtur í stigatöflu en öllum umsækjendum gefin 0 stig fyrir hann. Stefnandi telji stefnda hafa verið skylt að standa við þá ákvörðun að leita umsagna í ráðningarferlinu.

Í úrskurði kærunefndar jafnréttismála segi um matsliðinn „Umsagnir“ að „eins og atvikum var háttað hafi verið fullt tilefni fyrir kærða, ekki síst í ljósi rannsóknarreglu stjórnisýsluréttarins, að ræða við umsagnaraðila umsækjenda þegar slíkir huglægir þættir yrðu kannaðir, sbr. 10. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Fyrir liggi aftur á móti að ekki var rætt við umsagnaraðila umsækjenda. Þetta er einkum aðfinnsluvert í ljósi þess að á stigamatsblaði kærða var beinlínis ráðgert að rætt yrði við umsagnaraðila.“ Stefnandi telji að með þessu hafi nefndin staðfest að stjórnisýslulög hafi verið brotin og ekki fái staðist að kærunefndin sjálf réttlæti brotið með því að segja að opinberir veitingarvaldshafar njóti svigrúms til að meta frammistöðu í viðtölum. Stefnandi telji sig hafa mátt hafa réttmætar væntingar til þess að rætt yrði við meðmælendur hans og hann byggji á því að í opinberri stjórnisýslu sé krafist fyrirsjáanleika.

Stefnandi telji afar óeðlilegt, miðað við farsælt starf hans í hálfan fjórða áratug sem eftirlitsmaður hjá [...], að stefndi hafi ekki leitað umsagnar um störf hans hjá þeim sem hann benti á og þekktu til starfa hans. Kærunefndin segi í úrskurðinum að hún geti ekki sagt af eða á um hvort stefnandi hafi bent á umsagnaraðila í starfsviðtali. Stefnandi hafi vissulega bent á ákveðna umsagnaraðila sem báðir starfi á Matvælastofnun. Í úrskurðinum sjáist að stefnandi hafi í starfsviðtali „farið að tala um fólk sem hann hafi nafngreint“. Þarna sé vísað til þess þegar stefnandi tilgreini umsagnaraðila sína en kærunefndin virðist ekki átta sig á því og taki í raun með því ranglega undir gagnrýni stefnda á frammistöðu stefnanda í viðtalinu.

Auk þess taki stefnandi fram að hann fari ekki dult með fötlun sína, en hún geti

birist í því hvernig hann tjái sig. Hann sé greindur með [...] -sjúkdóm og hafi [...]. Af þessum sökum telji stefnandi að stefnda hafi borið að rannsaka samskiptahæfileika stefnanda betur en gert var. Ljóst sé að hann hafi um árabil starfað við heilbrigðiseftirlit með góðum árangri þrátt fyrir fötlun. Því hafi verið sérstök ástæða fyrir stefnda til að kanna hvort samskiptahæfileikar stefnanda hefðu staðið honum í vegi í fyrri störfum en hann hafi þess í stað felld matsliðinn „Umsagnir“ niður, á ómálefnalegan hátt.

Stefnandi telji að þegar stefndi ákvað að afla ekki umsagnar meðmælenda hafi hann handvalið sjónarmið með hliðsjón af því hvað væri líklegast til að henta kvenkyns umsækjandanum sem hlaut starfið. Stefnandi bendi enn fremur á að umsagnaraðilar konunnar hafi hvorki reynslu né menntun til að meta hæfni hennar til að starfa við matvælaeftirlit. Þeir starfi við sölustörf og geti ekki borið um annað en persónuleika hennar og almenna færni. Umsagnaraðilar stefnanda starfi hins vegar báðir hjá stefnda.

Í ljósi mats stefnda á umsækjendum, þar sem stefnandi og konan hafi verið talin nánast jafnhæf, telji stefnandi að stefnda hafi borið að leita umsagna um huglæga matsþætti sem voru tilgreindir sem fortakslausar hæfniskröfur í starfsauglýsingu. Þetta eigi fyrst og fremst við um matsþáttinn „Góð framkoma og lipurð í samskiptum“. Þá geti verklag stefnda einnig hafa komið niður á matsþættinum „Vilji/hæfni til að starfa í teymi“ í auglýsingu. Á stigatöflu stefnda hafi þessir matsþættir verið sameinaðir í 10% matsþáttinn „Samstarfshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum (teymisvinna)“.

Þá bendi stefnandi á að í úrskurði kærunefndar jafnréttismála nr. 8/2018 segi: „Í þessum efnum er einnig vert að benda á að opinber aðili sem ræður í starf er ekki bundinn við einungis þá umsagnaraðila sem umsækjendur benda sjálfir á heldur getur leitað umsagna annarra, enda sé viðkomandi umsækjanda gefinn kostur á að bregðast við því sem fram kemur í slíkri umsögn.“ Stefnandi telji það verklag stefnda að leita ekki umsagnar um huglæg atriði, sem gátu skorið úr um hvor umsækjendanna hlyti starfið, hafa komið í veg fyrir að unnt væri að leggja heildstætt mat á 10% matsþáttinn „Samstarfshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum (teymisvinna)“ og að veitingarvaldshafa hafi því borið frumkvæðisskylda til að leita umsagnar um samskiptahæfileika hans. Stefnandi telji þessi brot stefnda á rannsóknarreglu stjórnarsýsluréttar, sbr. 10. gr. stjórnarsýslulaga, varða ógildingu úrskurðar kærunefndar jafnréttismála nr. 13/2020. Auk þess vísar stefnandi til dóms Hæstaréttar í máli nr. 364/2014 þar sem segi að „veitingarvaldshafinn verði að sýna fram á að ákvörðun hans, þar sem huglægir, persónubundnir þættir vega þyngst, hafi ekki byggst á hrifnæmi einu saman.“

Stefnandi telji stefnda ekki hafa sýnt fram á annað en að hrifnæmi hafi ráðið mati á „samstarfshæfni og lipurð í samskiptum“ og bendi máli sínu til stuðnings á minnispunkta úr starfsviðtali við konuna sem sýni hana eingöngu í jákvæðu ljósi. Þá telji stefnandi að samanburður á svörum konunnar, karlsins sem hlaut hitt starfið, og

stefnanda sjálfs við spurningu nr. 13 sýni enn frekar fram á að hrifnæmi hafi ráðið för, ásamt andúð á stefnanda. Þar hafi umsækjendur verið spurðir um mestu áskorunina við starfið (veikleika). Á stigamatsblaði vegna viðtals fái karlinn sem hlaut hitt starfið fullt hús stiga (5 stig af 5) fyrir svar sitt. Í minnispunktum stefnda sé haft eftir þeim karli: „Er fylginn sér, sem oft er kostur, en líka stundum galli. Þarf rök til að bakka með það sem hann telur rétt.“

Konan fái 5 stig af 5 á matsblaði viðtals fyrir að telja sína helstu áskorun vera „Að læra nýtt starf. Óvissa um það sem maður þekkir ekki.“ Hún hljóti fullt hús stiga fyrir að viðurkenna að hún hafi enga reynslu af svipuðum störfum.

Stefnandi hljóti hins vegar 3 stig af 5 fyrir að tala um að það sé áskorun að geta þurft að taka lifibrauðið af rekstraraðilum veitingastaða með lokun og nefni einstæðar mæður sérstaklega í því sambandi. Snúið hafi verið út úr þeim orðum hans í minnispunktum stefnda.

Í fjórða lagi bendi stefnandi á að framsetning minnispunkta stefnda úr starfsviðtalinu sé afar óvönduð og einkennist víða af andúð í garð stefnanda. Hann telji að framsetning minnispunktanna hafi skert möguleika hans á að fá starfið og lækkað stig hans í matsþættinum „Samstarfshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum (teymisvinna)“. Í stigatöflu heildarmats hafi stigagjöfin í þeim þætti aðallega miðast við reynslu og skilning á teymisvinnu á svofelldan hátt: „0 – Óviðunandi; 1 – Viðunandi; 2 – Þokkaleg, einhver skilningur á teymisvinnu; 3 – Góð, einhver reynsla af teymisvinnu; 4 – Mjög góð, haldbær reynsla af teymisvinnu.“

Stefnandi hafi í starfsviðtali sagt frá verkefni þar sem hann stýrði teymi sem hafði það verkefni að finna uppruna hættulegrar sýkingar í framleiðsluferli á rjóma-bollum. Hann hafi þar lýst þverfaglegu starfi þar sem hann bar ábyrgð á heilbrigðis-
eftirliti en sýkladeild Landspítala veitti fræðilegar upplýsingar. Þá hafi stefnandi greint frá teymisvinnu sem hann stýrði við samræmingu á fiskmati fyrir allt landið, vinnu sem snerti beint milljarðatekjur þjóðarbúsins. Þessi atriði hafi ekki verið tilgreind í minnispunktum stefnda sem dæmi um teymisvinnu og það sé í takt við áhugaleysi þeirra sem tóku viðtalið. Þetta bendi til þess að þegar hafi verið búið að ákveða að stefnandi yrði ekki ráðinn í starfið. Stefnandi telji því að reynsla hans af teymisvinnu hafi verið vanmetin og að hann hefði átt að hljóta að minnsta kosti 3 stig fyrir matsþáttinn í stigatöflu heildarmats, enda séu 3 stig miðuð við skilyrðið „einhver reynsla af teymisvinnu“, sem stefnandi telur ljóst að hann uppfyllti.

Sem dæmi um framsetningu minnispunkta úr starfsviðtalinu megi nefna spurningu nr. 6 þar sem spurt var um reynslu af teymisvinnu. Stefnandi hafi hlotið 1 af 5 mögulegum stigum. Í minnispunktum um teymisvinnu hafi verið haft eftir stefnanda: „Teymi OK til að leysa markmið.“ Í spurningu nr. 12 hafi stefnandi verið spurður um styrkleika sína. Þar hafi verið haft eftir honum: „Vill þróun til að hlutirnir verði léttari

og skilvirk verkfæri.“ Þarna séu orð hans afbökðu og úr verði merkingarlausar setningar sem stefnandi telji vera sér til háðungar. Í spurningu nr. 13 hafi stefnandi verið spurður um eigin veikleika. Í minnispunktum sé haft eftir stefnanda: „Á það til að vera meðvirkur ef einhver á bágt, t.d. konur sem fara að gráta.“ Stefnandi fullyrði að þarna sé snúið út úr orðum hans og að með þessu sé hann látinn líta út fyrir að vera gamaldags og haldinn fordómum gagnvart konum. Þarna hafi stefnandi verið að tala um eitt tiltekið dæmi þar sem einstæð móðir grét þegar hún hélt að stefnandi myndi stöðva rekstur veitingastaðar hennar. Hann hafi eðlilega fundið til með konunni en hafi leyst málið með því að leiðbeina henni um hvernig ætti að standast ýrtruðu heilbrigðiskröfur og hún verið honum þakklát fyrir góða samvinnu. Stefnandi tiki fram að hann hafi aldrei látið slíkar tilfinningar hafa áhrif á störf sín sem eftirlitsmaður en telji að samkennd með öðrum sé frekar merki um heilbriggt sálarlíf en nokkuð annað.

Þá vísar stefnandi til úrskurðar kærunefndar jafnréttismála nr. 6/2018 máli sínu til stuðnings. Kærunefndin telji að þegar niðurstaða hæfnismats ráðist í starfsviðtali þurfi minnispunktar veitingarvaldshafa að vera vandaðir. Stefnandi telji að í máli hans hafi framsetning minnispunktanna verið ósanngjörn og minnispunktar stefnda verið stuttaralegir. Þá telji stefnandi að niðurstaða hæfnismatsins hafi ráðist af starfsviðtalinu og stjórnsýsla stefnda í þessum hluta ráðningarferlisins hafi verið óforsvaranleg. Stefnandi telji þá ágalla á framkvæmd viðtalsins sem hann hafi rakið í þessum lið varða ógildingu úrskurðar kærunefndar jafnréttismála í máli hans.

Í fimmta lagi telji stefnandi ómálefnalegt af kærunefndinni að taka undir þau sjónarmið stefnda að konan hefði í raun átt að fá 4 stig fyrir menntun sína en ekki 3 stig. Stefnandi árétti að í starfsauglýsingu sé krafist menntunar í matvælafræði, dýralækningum, líffræði eða annarrar menntunar sem nýtist í starfi. Grunnám konunnar sé næringarfræði og það væri ómálefnalegt sjónarmið að gefa henni fullt hús stiga vegna grunnnáms sem sé ekki getið í starfsauglýsingunni nema þá að fella það undir liðinn „aðra menntun sem nýtist í starfi“. Stefnandi telji að ekki eigi að vera mögulegt að fá fullt hús stiga fyrir menntun nema grunn- og framhaldsnám sé á sviði matvælafræði, dýralækninga eða líffræði. Þá telji stefnandi Matvælastofnun bundna af mati sínu á menntun konunnar enda hafi engin ný gögn eða sjónarmið komið fram um menntun henni til hækkunar.

Í sjötta lagi byggir stefnandi á því að ráðningarferlið hafi verið verulega gallað þar eð umsókn hans hafi ekki hlotið eðlilega meðferð og stigum fyrir einstaka matsþætti hafi verið hagrætt eftir á. Eftir að ráðið var í starfið hafi hann hringt í mannauðsstjóra og óskað skýringa á lágu heildarmati sínu. Hún hafi sagt hann hafa fengið lága einkunn fyrir HACCP (Hazard Analysis And Critical Control Points) en krafist hefði verið þekkingar á þeirri aðferðafræði í starfsauglýsingunni og sá matsþáttur haft 15% vægi. Stefnandi, sem hafi gríðarmikla reynslu af HACCP-aðferðafræði, hafi bent

mannauðsstjóranum á að þær upplýsingar lægju þegar fyrir í umsókn hans um starfið. Þegar frekari rökstuðningur fyrir ráðningunni, dags. 15. júní 2020, hafi borist stefnanda hafði hann verið hækkaður í fullt hús stiga fyrir matsþáttinn HACCP (4 stig af 4) í stigmatöflu heildarmats.

Með vísan til þess hversu lítill munur var á stefnanda og konunni í stigagjöf-inni, og með hliðsjón af ráðningarferlinu í heild, telji stefnandi að stigagjöf-inni hafi verið hagrætt eftir að hann hringdi í mannauðsstjóran. Þegar stefndi hafi séð að hann gæti ekki gefið stefnanda lága einkunn fyrir matsþáttinn HACCP hafi hann lækkað stefnanda í öðrum matsþætti. Stefnandi telji að með þessu séu leiddar sterkar líkur að því að kyn umsækjanda hafi legið til grundvallar ráðningunni og að á grundvelli 4. mgr. 26. gr. laga nr. 10/2008 sé stefnda skylt að sanna með gögnum að svo sé ekki. Slík gögn væru til dæmis útfyllt stigatafla gerð í síðasta lagi á degi ráðningar, en slík stigatafla fyrirfinnist ekki. Til vara byggji stefnandi á því að önnur ómálefnaleg sjónarmið en kyn konunnar, þ.e. andúð þeirra sem ráðningarferlinu stjórnðu í garð stefnanda eða hrifning af konunni, hafi valdið því að stefnandi hlaut ekki aðra stöðuna. Hvort tveggja leiði til þess að fallast beri á kröfur stefnanda.

Þá telji stefnandi sig mega hafa þær réttmætu væntingar að þau gögn sem hann afhendi stjórnvöldum komi til skoðunar þegar jafnmikilvæg ákvörðun sé tekin. Eins og fram hafi komið hafi upplýsingar um kunnáttu stefnanda á HACCP ekki verið skoðaðar, þótt þær kæmu skýrt fram í starfsumsókn hans. Stefnandi telji þetta hafa haft áhrif á efni ákvörðunarinnar og hún sé því haldin verulegum annmarka. Þá telji stefnandi að hann eigi ekki að bera tjón sitt hafi starfsmenn stefnda valdið því en þeir hafi ekki reynst hæfir til þess að leggja mat á umsóknir í samræmi við lög, heldur hafi brotið á honum af ásetningi eða verulegu gáleysi.

Í sjöunda lagi telji stefnandi það ómálefnalegt að konan fái fullt hús stiga (4 stig af 4) fyrir matsþáttinn „Haldbær þekking og reynsla af vinnu við vinnslu matvæla.“ Hann telji ljóst að haldbæra reynslu, sem gagnist raunverulega í starfinu, þurfi að öðlast með því að handleika matvæli, oft með tilheyrandi blóði og slori, enda sé skynmat til að meta ferskleika og gæði hráefnis t.d. mjög mikilvægur hluti af framkvæmd gæðaeftirlits með sjávarafurðum og slíkt mat krefjist mikillar þjálfunar. Stefnandi bendi einnig á að dýralæknar séu sérstaklega nefndir í auglýsingu sem heppilegir starfskraftar. Ástæðan sé reynsla þeirra af meðhöndlun dýra. Þá telji stefnandi að helstu verkefni og ábyrgð starfsins, sem séu talin upp í starfsauglýsingu og lýsingu stefnda á starfinu, gefi til kynna að reynsla konunnar af skrifstofustarfi eigi ekki að nægja til að fá fullt hús stiga fyrir þennan þátt matsins, enda hafi hún ekki verið í snertingu við matvæli í starfi sínu sem gæðastjóri.

Í áttunda lagi telur stefnandi að tölvukunnátta hans hafi verið vanmetin. Hann hafi fengið 2 af 4 stigum fyrir þann matsþátt í stigmatöflu. Eins og áður segi hafi stefn-

andi áratugareynslu af eftirlitsstörfum og hafi á þeim starfsvettvangi mjög góða tölvukunnáttu. Þá sé almenn tölvukunnátta hans góð. Stefnandi bendi á það sjónarmið stjórnsýsluréttar að kunnátta verði að nýtast í starfi eigi hún að gagnast umsækjanda í ráðningarferli, sbr. álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 5864/2009. Hann telji að stefnda hafi borið að meta tölvukunnáttu hans til jafns við tölvukunnáttu konunnar, sérstaklega þegar litið sé til þess að stefndi kannaði ekki kunnáttu umsækjenda og byggði mat sitt ekki á gögnum heldur á mati umsækjenda á þeirra eigin kunnáttu. Haft sé eftir stefnanda að tölvukunnátta hans sé „eins og þarf“ og „Word ekkert mál“.

Þá beri að nefna að helsta vinna sérfræðings við eftirlit með vinnslu matvæla fari fram í gagnagrunninum Ísleyf. Stefnandi bendi á að konan hafði við ráðningu ekki neina reynslu af notkun þess forrits og telji hann, með vísan til þess skilyrðis að kunnátta sem sé metin að stigum nýtist í starfi, að stefndi hafi ekki fært rök fyrir því að konan hafi meiri tölvukunnáttu en stefnandi svo að nýtist í starfinu. Því hefði stefnandi átt að hljóta fleiri stig en hún í þessum matslið.

Í níunda lagi telji stefnandi að stefndi hafi vanrækt rannsóknarskyldu sína með því að kanna ekki færni hans í ritun texta á ensku og brotið með því stjórnsýslulög. Stefnandi hafi verið metinn minnst fær í matsþættinum „Færni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku“ af þeim fimm sem komust í starfsviðtal. Hann hafi fengið 2 stig af 4 fyrir matsþáttinn en gildi matsþáttarins verið 10% á stigatöflu heildarmats.

Greinargerð Matvælastofnunar fyrir kærunefnd jafnréttismála og niðurstöðukafli úrskurðar kærunefndarinnar sýni að stefnandi hefði fengið fleiri stig hefði hann lagt fram eigin texta á ensku. Í starfsauglýsingu hafi ekki komið fram nein vísbending um að leggja bæri slík gögn fram með starfsumsókn heldur hafi aðeins verið gerð krafa um góða íslensku- og enskukunnáttu.

Stigagjöf fyrir matsþáttinn „Færni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku“ hafi verið miðuð við eftirfarandi: „0 - Engin íslenskukunnátta, takmörkuð enskukunnátta; 1 – Íslenskukunnátta takmörkuð. Ritun ábótavant. Enska þokkaleg; 2 – Góð kunnátta í íslensku. Góð almenn færni í ensku; 3 – Gott vald á íslensku, bæði töluð og rituð. Góð færni í ræðu og riti á ensku; 4 – Mjög gott vald á íslensku, bæði ritaðri og talaðri. Gott vald á ensku. Reynsla af ritun texta á ensku.“ Stefnandi telji að miðað við þessar kröfur hefði umsækjandi ekki átt að fá 3 eða 4 stig án þess að leggja fram texta sem hann hefði ritað á ensku. Hann telji að vegna þessara viðmiða við stigagjöf hafi stefnda verið skylt að kalla eftir upplýsingum um færni stefnanda við ritun ensks texta í starfsviðtali, eða biðja hann að leggja fram enskan texta. Þar eð það hafi ekki verið gert hafi stefnandi ranglega orðið af 1–2 stigum í matsþættinum, enda hefði stefnandi ritað vandaða ritgerð á ensku á sviði umhverfisvísinda við [...] háskóla.

Sé litið til fjögurra veigamestu matsþáttanna, sem vegi hver um sig 15–20% af heildarmati, sjáist að stefnandi sé þar samanlagt stigahæstur ásamt karlinum sem var

ráðinn. Stefnandi telji því að rannsaka hefði þurft sérstaklega færni hans í ritun ensks texta fyrst það að enskukunnátta hans lá ekki fyrir kom í veg fyrir að jafnhæfur umsækjandi og hann fengi starfið. Hinn karlinn hafi fengið 4 stig fyrir þennan matsþátt en það þýði að hann hafi, samkvæmt viðmiðum úr stigatöflu: „Mjög gott vald á íslensku, bæði ritaðri og talaðri. Gott vald á ensku. Reynsla af ritun texta á ensku.“ Þá sé færni hins karlsins lýst í rökstuðningi stefnda vegna ráðningarinnar, dags. 10. júní 2020, sem „afbragðs færni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku“.

Stefnandi bendi á tölvupóstsamskipti sín við stefnda og kærunefnd jafnréttismála sem sönnun þess að hann skrifi kjarnyrt mál og búi yfir ríkum orðaforða og geti auk þess beitt stílbrögðum. Stefnandi hafi ekki annan texta frá hinum karlinum til samanburðar en kynningarbréf hans til stefnda. Þar mori allt í stafsetningar- og málfræðivillum sem og rangri notkun greinarmerkja.

Í ferilskrá hins karlsins komi ekkert fram um enskukunnáttu hans annað en „Tala og skrifa ágæta ensku“. Stefnandi telji því að engin rök séu fyrir svo miklum stigamun á honum og hinum karlinum í þessum matsþætti. Þetta sé nefnt til að sýna fram á ómálefnalega stigagjöf stefnda, sem virðist að miklu leyti hafa byggst á geðþótta. Stefnandi telji, með vísan til ofangreinds, að ómálefnalegt hafi verið að gefa honum einungis 2 stig fyrir færni í íslensku og ensku, í ljósi þess að efsti umsækjandinn hlaut 4 stig, að því er virðist að geðþótta stigagjafa.

Samantekið telji stefnandi að þau níu atriði sem hann hafi reifað í stefnu sýni að verulegir annmarkar séu á úrskurði kærunefndar jafnréttismála og því beri að fella hann úr gildi enda þurfi opinberir aðilar ætíð að byggja ákvarðanir sínar á málefnalegum grunni í samræmi við óskráða meginreglu stjórn-sýsluréttar.

Málsástæður stefnanda vegna bótakrafna

Stefnandi bendir á að krafa hans um ógildi úrskurðar kærunefndar og krafa um bætur eigi rætur að rekja til sama atviks, ráðningar í starf, og verði því sóttar með heimild 1. mgr. 27. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 til kröfusamlags.

Stefnandi krefjist þess að viðurkenndur verði réttur hans til skaðabóta fyrir missi atvinnutekna þar eð gengið hafi verið fram hjá honum við veitingu þeirra starfa sem Matvælastofnun auglýsti laus til umsóknar. Stefnanda, sem sé fæddur 1956, hafi ekki auðnast að finna sér annað starf og því orðið fyrir talsverðum tekjumissi, auk þess sem hann hafi neyðst til að flýta töku lífeyris. Hann hafi stefnt að því að starfa til sjötugs, eins og komi fram í minnispunktum hans úr starfsviðtali. Krafan byggist að öllu leyti á sömu málsástæðum og ógildingarkrafan, það er að meginreglum stjórn-sýsluréttar hafi ekki verið fylgt í ráðningarferlinu, umsækjendur teknir fram yfir stefnanda á ómálefnalegan hátt, stigamat hafi verið gallað og matsþáttum breytt í miðju ferli, ekki leitað umsagnar umsagnaraðila, auk annars sem áður hafi verið vísað til. Þá

byggi stefnandi á því að starfsmenn stefnda hafi staðið á saknæman og ólögmetan hátt að ráðningarferlinu skv. almennu sakarreglunni og 31. gr. laga nr. 10/2008, auk reglunnar um húsbóndaábyrgð.

Stefnandi krefjist miskabóta vegna ólögmetrar meingerðar gegn persónu sinni. Hann hafi talið sig verða fyrir álitshnekki þegar sérþekking hans og starfsreynsla, sem spanni áratugi, hafi á á óréttmætan hátt ekki verið metin að verðleikum í ráðningarferlinu. Þetta hafi valdið honum miklum kvíða og vanlíðan en hann telji að eftir þessa niðurlægingu muni hann ekki fá starf við hæfi framar. Stefnandi bendi jafnframt á að vegna aldurs hans standi honum færri starfsmöguleikar til boða. Þá telji stefndi að honum hafi verið sýnd lítilsvirðing með þeim rangfærslum á orðum hans sem komu fram í minnispunktum stefnda úr starfsviðtalinu. Stefnandi telji að þessi lítilsvirðing stefnda við hann stafi af fötlun hans og byggist á fordómum í hans garð.

Stefnandi bendi jafnframt á að almennt séu taldar löglíkur fyrir því að þeir sem hafi orðið fyrir mismunun á grundvelli kynferðis hafi orðið fyrir miska, sbr. t.d. I. hluta dóms Hæstaréttar í máli nr. 843/2017. Í II. hluta sama dóms segi að „þrátt fyrir að líta verði svo á, miðað við forsögu 31. gr. laga nr. 10/2008 og lögskýringargögn, að um sérákvæði um miskabætur sé að ræða vegna mismununar á grundvelli kynferðis þurfi að vera uppfyllt það almenna skilyrði til greiðslu miskabóta að gáleysi sé verulegt til þess að slíkar bætur verði dæmdar“. Stefnandi telji þetta skilyrði uppfyllt með óvandaðri málsmeðferð stefnda, sem hafi byggst á ómálefnalegum sjónarmiðum, og telji enn fremur að það hafi verið ásetningur stefnda að ráða hann ekki í starfið, en í öllu falli verulegt gáleysi.

Í II. hluta sama dóms sjáist jafnframt að þegar réttur til miskabóta sé ákveðinn vegna ráðninga komi meðal annars til skoðunar hvort stefnandi hefði fengið viðkomandi starf hefði verið farið að lögum nr. 10/2008. Stefnandi áréttar því að hæfni hans hafi verið vanmetin í ráðningarferlinu, eins og komið hafi fram. Stefnandi telji að hann hefði að réttu lagi átt að fá að minnsta kosti næstflest stig í heildarmati að réttu lagi og þar með hljóta starfið.

Við mat á sök stefnda telji stefnandi að líta verði til þess að matsþáttum hafi verið breytt eftir á og að verulega hafi skort á að stigagjöf umsækjenda væri málefnaleg í einstökum liðum. Þá hafi verið verulegt gáleysi að kalla ekki eftir umsögnum, þar sem stefnandi hafi staðið mjög sterkur að vígi.

Til stuðnings skaða- og miskabótakröfu vísar stefnandi til 31. gr. laga nr. 10/2008, b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og almennu sakarreglunnar.

Málsástæður og lagarök stefndu

Stefndu byggi sýknukröfu sína á því að kærunefnd jafnréttismála hafi í einu og

öllu staðið rétt að meðferð málsins og ekkert hafi komið fram sem styðji þann málatilbúnað stefnanda að fella skuli úrskurðinn úr gildi. Í úrskurðinum sé farið skipulega yfir hvern og einn matsþátt og þau sjónarmið sem þar voru lögð til grundvallar. Mat og aðferð kærunefndar við meðferð málsins sé í samræmi við lög, styðjist við málefnaleg sjónarmið og niðurstaðan sé vel rökstudd. Úrskurður kærunefndar verði ekki felldur út gildi nema hann sé haldinn form- eða efnisannmarka að lögum og að sá annmarki sé verulegur. Slíkt liggi ekki fyrir og hafi stefnandi engan reka gert að því að benda á annmarka á niðurstöðu nefndarinnar þess eðlis að úrskurðurinn verði felldur úr gildi með dómi.

Með úrskurði nr. 13/2020 hafi kærunefndin komist að þeirri niðurstöðu að menntunar- og hæfniskröfur Matvælastofnunar vegna starfsins hefðu verið málefnalegar. Í úrskurðinum hafi meðal annars verið fjallað lið fyrir lið um mat stofnunarinnar á hæfni stefnanda og hæfni konunnar sem hlaut starfið. Það hafi verið niðurstaða nefndarinnar að það mat stæði óhaggað og að konan sem ráðin hefði verið í starfið hefði staðið stefnanda framar. Samkvæmt því hafi kærunefndin talið að ekki hefðu verið leiddar líkur að því að stefnanda hefði verið mismunað á grundvelli kyns þegar ráðið var í starfið, sbr. 1. og 4. mgr. 26. gr. laga nr. 10/2008. Ekki hafi verið sýnt fram á annað en að nefndin hafi beitt lögmatum aðferðum við úrlausn sína, sbr. 5. mgr. 26. gr. þágildandi laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Stefndu taki undir forsendur og niðurstöður nefndarinnar að því marki sem þær samrýmist málsástæðum stefndu.

Stefndu byggja á því að við ákvörðun um ráðningu í stöðu eftirlitsmanna í matvælaeftirliti hjá Matvælastofnun hafi stofnunin beitt málefnalegum og lögmatum aðferðum og að meðferð málsins hafi verið í samræmi við lög og grunnreglur stjórn-sýsluréttar. Þá er því mótmælt að skilyrði séu til að viðurkenna bótaskyldu eða greiðslu miskabóta.

Stjórnvald njóti svigrúms við mat á því hvaða umsækjandi um starf sé hæfastur, hafi það aflað fullnægjandi upplýsinga til að meta hæfni umsækjenda og fram hafi farið heildstæður samanburður á þeim. Ákvörðun stofnunar um ráðningu í starf sé matskennd stjórnvaldsákvörðun og sem slík hafi stofnun svigrúm til að ákveða hvaða lögmatu og málefnalegu sjónarmið skuli lögð til grundvallar ákvörðun um ráðningu. Stofnun hafi jafnframt svigrúm til að ákvarða innbyrðis vægi matsþátta að því gefnu að málefnaleg sjónarmið liggi þar að baki og að þau séu í eðlilegum tengslum við starfið og þarfir viðkomandi stofnunar.

Þegar atvik málsins séu mátuð við framangreint sýni gögn málsins að gætt hafi verið að þeim öllum við ákvörðun um ráðninguna. Í málinu liggi fyrir umsóknargögn, skráðar upplýsingar um viðtöl, spurningar sem voru lagðar fyrir umsækjendur, svör þeirra og stig sem umsækjendur fengu fyrir einstaka hæfnisþætti. Við mat á

umsóknum hafi verið fyllt út matsskjal byggt á auglýsingu um starfið. Hverjum hæfnisþætti hafi verið veitt vægi sem hlutfall af hundraði. Þeir hæfnisþættir sem matið byggðist á hafi verið í samræmi við auglýstar kröfur til umsækjenda um starfið. Þá hafi ákvörðun um ráðningu til starfsins verið byggð á heildstæðum samanburði umsækjenda með vísan til þeirra málefnalegu sjónarmiða sem stofnunin hafði ákveðið að leggja til grundvallar ráðningu. Öndverðum málatilbúnaði stefnanda mótmæli stefndi sem röngum, örökstuddum og ósönnuðum.

Stefnandi hafi hvorki sýnt fram á að hann hafi verið hæfari né jafnhæfur til að hljóta ráðningu í starfið og konan sem hana hlaut. Á sama hátt sé því mótmælt sem ósönnuðu og örökstuddu að sjónarmið um kyn umsækjanda hafi ráðið för við ráðninguna. Ákvörðun um ráðninguna hafi m. a. byggst á þeim upplýsingum sem umsækjendur létu í té. Þeim sem álitlegastir voru hafi verið boðið til viðtals, stefnanda þar á meðal. Þær forsendur sem hafi verið notaðar til að taka ákvörðun um hæfasta umsækjandann hafi verið málefnalegar, eins og komi fram í niðurstöðu kærunefndar jafnréttismála í máli stefnanda nr. 13/2020.

Fyrsti þáttur á matsblaði Matvælastofnunar hafi varðað menntun umsækjenda, en bæði stefnandi og konan sem var ráðin í starfið hafi verið talin uppfylla kröfur um menntun. Eins og segi í niðurstöðu kærunefndar hefði stofnunin í reynd mátt meta menntun konunnar sem ráðin var til fleiri stiga en gert var, þar eð hún var með bæði B.Sc.-gráðu í næringarfræði og M.Sc.-gráðu í matvælafræði. Til samanburðar sé stefnandi með B.Sc.-gráðu í matvælafræði og grunndiplóma í námi til kennsluréttinda fyrir faggreinakennara eða alls 30 ESTS-einingar. Viðbótarmenntun þeirrar sem ráðin var í starfið hafi því uppfyllt skilyrði um viðbótarmenntun sem nýttist í starfi en nám stefnanda ekki. Hins vegar hafi ekki verið gerður greinarmunur á umsækjendum í þessum matsþætti í niðurstöðu matsins og hafi báðir aðilar fengið 3 stig fyrir hann. Hann sé veigamesti matsþátturinn í ráðningarferlinu, og hafi vegið 20%.

Þá hafi reynsla af opinberu eftirliti verið þáttur á matsblaði stofnunarinnar. Þótt umsækjandinn sem hlaut stöðuna hafi ekki starfað við opinbert eftirlit hafi hún haft reynslu af samskiptum við opinbera eftirlitsaðila í tengslum við störf sín hjá matvæla-fyrirtækjum sem sættu eftirliti. Stofnunin hafi ákveðið að meta reynslu hennar af samskiptum við opinbera eftirlitsaðila.

Stefndi mótmæli því að reynsla af opinberu eftirliti geti ekki hvoru tveggja átt við reynslu aðila sem framkvæmi eftirlit og þess sem sæti eftirliti. Aðilar sem komi að framleiðslu matvæla þurfi að gangast undir ítarlegar skyldur, þ.m.t. í samskiptum við opinbera eftirlitsaðila í samræmi við ákvæði laga nr. 93/1995 um matvæli og reglugerðir sem séu settar á grundvelli laganna. Í samskiptum sínum við eftirlitsaðila hafi sú sem var ráðin í starfið haft hliðsjón af þeim kröfum sem séu gerðar í opinberu eftirliti, enda hafi fyrirtækin sem hún starfaði hjá sætt opinberu eftirliti. Að mati stefndu

hafi orðið að gefa slíkri reynslu og þekkingu vægi við matið.

Stofnunin hafi ákveðið að umsækjendur sem hefðu eins til tveggja ára reynslu af opinberu eftirliti, þar með talið sem eftirlitsþegar, fengju 2 stig vegna þessa matsþáttar. Sú sem ráðin var í starfið hafi sannarlega átt samskipti vegna opinbers eftirlits í störfum sínum við framleiðslu matvæla, sem nam a.m.k. einu til tveimur árum. Henni hafi því verið gefin 2 stig fyrir matsþáttinn. Stefnandi hafi fengið 4 stig fyrir matsþáttinn, vegna fimm ára eða lengri reynslu af eftirliti.

Þá komi til skoðunar þekking og reynsla umsækjenda af matvælaframleiðslu eða sjávarútvegi. Sú sem var ráðin í starfið reyndist hafa nýlega starfsreynslu í fimm ár í matvælageiranum sem gæðastjóri í matvælaframleiðslu, þ.e. sjávarútvegi, vinnslu á niðursoðnum matvælum og almennri matvælavinnslu. Stefnandi hafði unnið hjá framleiðslueftirliti [...] á árunum 1981 til 1985. Þau hafi bæði fengið 4 stig fyrir þennan matsþátt, nánar tiltekið fyrir fjögurra til fimm ára starfsreynslu eða meira.

Næst hafi verið lagt mat á samstarfshæfni, teymisvinnu og lipurð í samskiptum. Í þessum matsþætti hafi verið horft til upplýsinga sem fylgdu umsóknum, reynslu umsækjenda og frammistöðu í viðtali. Í viðtali vegna starfsins hafi stefnandi illa getað útskýrt hvað teymisvinna merkti í hans huga. Í starfsviðtalinu hafi komið fram að stefnandi hefði hætt störfum hjá [...] vegna ósættis við yfirmann sinn og að það hentaði honum betur að vinna einn.

Stefnandi hafi upplýst í starfsviðtalinu að hann „vildi ekki láta anda ofan í hálsmálið á sér“ og að hann vildi hafa kerfi til geta varist gagnrýni yfirmanna. Þá hafi hann ekki getað nefnt dæmi um teymisvinnu. Stefnandi hafi sagt frá samstarfi sínu við ýmsa aðila sem hann nafngreindi, en hafi ekki getað útskýrt hvernig þeir hefðu unnið sem teymi. Þegar stefnandi hafi verið beðinn að segja frá verkefni sem hann hefði borið ábyrgð á að stýra hafi hann tiltekið rannsókn á salmonellu í rjómaþöllum og sagt frá því hvernig hann hefði leyst það verkefni, en ekkert hafi komið fram hjá honum um það hvernig hann hefði stýrt verkefninu.

Stofnunin hafi metið það svo að stefnandi hefði þokkalegan eða einhvern skilning á teymisvinnu. Hann hefði því hlotið 2 stig fyrir þennan matsþátt. Sú sem var ráðin í starfið hafi hins vegar verið talin standa stefnanda framar í þessum matsþætti og fengið 4 stig. Í starfsviðtalinu hefði hún nefnt dæmi um teymisvinnu, bæði í starfi sínu sem gæðastjóri og sem [...]. Hún hefði jafnframt útskýrt hvaða merkingu hún legði í teymisvinnu, auk þess sem hún hefði lýst vilja til teymisvinnu. Hún greindi frá starfi gæðaráðs sem hún hafði tekið þátt í, ýmsum úttektum, útteilingu á verkefnum þar að lútandi og hvernig þeim var fylgt eftir.

Einn matsþáttur hafi varðað sjálfstæði, nákvæmni og skipulögð vinnubrögð. Þegar þessi matsþáttur var metinn voru umsóknir skoðaðar og framsetning þeirra, svo og svör umsækjenda við spurningum í starfsviðtalinu. Allir sem fengu boð um viðtal

höfðu unnið sjálfstætt og ekki þótti tilefni til að gera upp á milli þeirra hvað þann þátt varðaði.

Hvað varðar nákvæmni og skipulögð vinnubrögð hafi þau bæði verið talin uppfylla skilyrðið, en sú sem var ráðin í starfið var talin standa lítillaga framfarir stefnanda. Í því sambandi hafi verið horft til framsetningar á umsóknargögnum og hvernig þau bárust stofnuninni sem og til starfsviðtala. Að mati stofnunarinnar var áberandi munur á framsetningu gagna og upplýsingum sem umsækjendur lögðu fram. Konan sem var ráðin hafi lagt fram fullnægjandi gögn strax í upphafi. Umsókn hennar hafi verið skipuleg og hún hafi nálgast viðtalið á annan hátt en stefnandi. Stofnunin hafi einnig litið til þess að stefnandi lagði ekki fram umbeðin gögn með umsókn sinni í upphafi og stofnunin því kallað eftir upplýsingum frá honum. Þá hafi stefnandi þrisvar lagt fram viðbótarupplýsingar. Mat stofnunarinnar var að stefnandi fengi 3 stig, en sú sem ráðningu hlaut fékk 4 stig fyrir matsþáttinn. Að mati stefndu var málefnalegt að draga ályktanir um skipulagsfærni og nákvæmni umsækjenda af framsetningu umsókna þeirra, eins og gert var.

Varðandi kröfur um tölvukunnáttu umsækjenda hafi það verið mat stofnunarinnar að konan sem hlaut ráðningu stæði stefnanda framfarir í tölvufærni, þar eð þekking hennar á Office-forritum þótti meiri og víðtækari. Í umsókn hennar hafi komið fram að hún hefði mjög góða færni í ákveðnum kerfum Office-pakkans, auk góðrar færni í öðrum forritum, þ.e. DK, Adobe indesign og Adobe Photoshop. Þetta hafi hún staðfest í viðtalinu. Á meðan stefnandi taldist hafa nokkra þekkingu og leikni í notkun helstu Office-forrita, eins og hann greindi sjálfur frá í viðtalinu, hafi sú sem var ráðin til starfa haft góða almenna tölvukunnáttu. Hún hafi því verið talin standa stefnanda framfarir í þessum matsþætti. Hann hafi fengið 2 stig fyrir þennan matsþátt, en sú sem ráðningu hlaut fengið 3 stig.

Þá hafi komið til skoðunar þekking umsækjenda á gæðakerfum, löggjöf og HACCP. Bæði stefnandi og sú sem var ráðin þóttu hafa góða þekkingu á þeirri löggjöf sem matvælaframleiðendur þurfa að starfa eftir. Því til viðbótar hafi sú sem var ráðin búið yfir þekkingu á BRC, sem sé alþjóðlegur staðall við matvælaframleiðslu, auk þess sem hún reyndist hafa sett upp gæðakerfi og starfað sem gæðastjóri þar sem bæði HACCP og BCR var notað. Stefnandi hafi þekkingu á gæðakerfum, HACCP og löggjöf í gegnum störf sín við matvælavinnslu og hjá eftirlitsaðilum.

Við mat á umsækjendum í þessum matsþætti hafi verið gerður munur á hæfni þeirra. Stofnunin taldi að umsækjendur þyrftu að sýna fram á haldbært nám í HACCP og reynslu af notkun þess í tvö ár eða meira og að sú þekking væri nýleg svo umsækjendur fengju 4 stig. Fyrir lá að konan sem var ráðin hafði nýlega menntun á sviðinu en stefnandi hafði ekki fengið nýlega endurmenntun í HACCP við vinnslu matvæla. Stefnandi hafi haft samband við mannauðsstjóra stofnunarinnar eftir ráðningarferlið

og farið yfir hæfni sína og reynslu, m.a. í HACCP. Í kjölfar símtalsins hafi stofnunin farið yfir mat sitt til að tryggja að rétt ákvörðun hefði verið tekin. Einkunn stefnanda fyrir framangreindan matsþátt hafi verið hækkuð í samræmi við framkomnar upplýsingar. Það hafi þó ekki breytt því að sú sem var ráðin var talin hæfari þrátt fyrir þessa breytingu, eins og komi fram á matsblaði stofnunarinnar. Öðrum matsþáttum hafi ekki verið breytt, hvorki hjá stefnanda né öðrum umsækjendum. Getgátum stefnanda í málavaxtalýsingu um annað mótmæli stefndi sem röngum og ósönnuðum.

Loks hafi verið lagt mat á tjáningu umsækjenda í ræðu og riti á íslensku og ensku. Starfsemi stofnunarinnar sé víðtæk, eftirlitsþegar fjölbreyttir og erlend samskipti tíð, bæði við erlendar eftirlitsstofnanir og fulltrúa erlendra viðskiptaaðila. Af þeim sökum hafi stofnunin talið mikilvægt að starfsmenn gætu komið máli sínu vel á framfæri á íslensku og ensku í bæði töluðu og rituðu máli. Stærsti hluti löggjafar um matvælavinnslu komi til vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Hluti fræðslu og leiðbeininga sem stofnunin noti við störf sín tengist aðildinni og því að Ísland sé hluti af þeim sameiginlega markaði sem kveðið er á um í EES-samningnum.

Í þessum matsþætti hafi umsækjendur fengið stig út frá þeim gögnum sem lágu fyrir við ákvörðun um ráðningu, þ.m.t. þeim upplýsingum sem umsækjendur lögðu fram og þeim viðbótarupplýsingum sem fram komu í starfsviðtalinu. Það var mat stofnunarinnar að stefnandi hefði í starfsviðtali sínu ekki sýnt sömu færni og sú sem var ráðin til að tjá sig skýrt og skilvirkt og svara spurningum. Stofnunin hafi því metið það svo að umsókn þeirrar sem ráðningu hlaut og svör í starfsviðtali hefðu verið betur sett fram og bæru vitni um að hún stæði stefnanda framar í þessum matsþætti. Þeir sem tóku starfsviðtölin hafi litið svo á að stefnandi hlustaði ekki vel á spurningar, hefði verið óöruggur, talað mikið, leiðst auðveldlega út af sporinu og átt erfitt með að koma máli sínu skilmerkilega til skila. Í nokkrum tilvikum hafi hann ekki svarað þeim spurningum sem fyrir hann voru lagðar.

Sú sem var ráðin í starfið hafi verið talin uppfylla það skilyrði að hafa mjög gott vald á íslensku, bæði ritaðri og talaðri, sem og gott vald á ensku, enda hafi hluti af M.Sc.-námi hennar í matvælafræði farið fram á ensku. Upplýsingar um enskukunnáttu stefnanda hafi hinsvegar ekki komið fram fyrr en eftir að ákvörðun um ráðningu hafði verið tekin og umsækjendum hafði verið tilkynnt sú ákvörðun stofnunarinnar. Konan hafi því verið talin standa stefnanda framar í þessum matsþætti og fengið 4 stig. Hann hafi fengið 2 stig í matsþættinum. Stefnandi verði að bera hallann af því að gögn sem kynnu að hafa gefið enskukunnáttu hans til kynna hafi ekki borist fyrr en eftir að ráðningarferlinu lauk.

Stefnandi hafi samtals hlotið 3,05 stig út úr matsþáttunum í heild og konan sem ráðin var hlaut 3,15 stig.

Stofnunin hafi ekki leitað umsagna. Stefnandi hafi aldrei tilgreint umsagnar-

aðila í ráðningarferlinu. Það hafi því ekki haft áhrif á niðurstöðu matsins. Allir umsækjendur hafi fengið núll fyrir þennan þátt matsins. Stefndi mótmæli því sem röngu og ósönnuðu að stefnandi hafi vísað á nafngreinda umsagnaraðila í starfsviðtalinu. Hið rétta sé að hann hafi í því nefnt fjölda fyrrverandi samstarfsmanna á nafn. Hann hafi hins vegar ekki tekið fram að þeir ættu að veita honum umsögn. Þá hafi stofnunin aldrei fengið upplýsingar um [...]heilkenni stefnanda og vandséð að vegna kvilla stefnanda hafi hvílt sú skylda á stofnuninni að hafa sérstaklega samband við fyrrum samstarfsfólk hans í því skyni að kanna hvort samskiptahæfileikar hans hefðu staðið í vegi fyrir fyrri störfum hans.

Stefndi mótmæli sem rangri þeirri málsástæðu að kærunefnd jafnréttismála hafi í úrskurði sínum komist að þeirri niðurstöðu að stofnunin hefði ekki gætt að rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 með því að fella út þann þátt matsins sem laut að umsögnum. Hið rétta sé að kærunefndin hafi í niðurstöðu sinni talið að fullt tilefni hefði verið fyrir Matvælastofnun að ræða við umsagnaraðila með hliðsjón af fyrrnefndri reglu stjórnsýsluréttar vegna matsþátta sem voru huglægir. Hvergi sé nefnt að í því hafi falist brot að gera það ekki, eins og stefnandi fullyrði. Í niðurstöðunni komi fram að ráðningarviðtölum hafi verið ætlað að meta hvaða umsækjendur stæðu frammar öðrum. Þá hafi nefndin talið málefnalegt að draga vissar ályktanir um skipulagsfærni umsækjenda af framsetningu umsókna. Með hliðsjón af því hafi hún ekki gert athugasemd við þá matsþætti sem um ræddi þótt umsagna hafi ekki verið aflað. Tekið er undir þessi sjónarmið nefndarinnar.

Stefndi mótmæli því sem röngu, órökstuddu og ósönnuðu að starfsmenn stofnunarinnar hafi andúð á stefnanda sem og að framsetning minnispunkta úr starfsviðtalinu hafi verið til þess fallin að skerða möguleika hans á að fá starfið. Minnispunktarnir hafi verið skráðir í samræmi við svör stefnanda. Stefnandi hafi átt erfitt með að útskýra grundvallaratriði sem þóttu nauðsynleg til þess að meta hæfni hans til starfsins, eins og rakið hafi verið. Í nokkrum tilvikum hafi hann ekki svarað spurningum sem fyrir hann voru lagðar og leiðst út af sporinu. Eðli málsins samkvæmt hafi það haft áhrif á niðurstöður matsins, enda viðtalið hluti af þeim matsþáttum sem ákvörðun um ráðningu byggðist á.

Þá haldi stefnandi því fram að honum hafi verið mismunað og hann mætt fordómum í starfsviðtalinu og virðist rekja það til þess að hann þjáist af [...]sjúkdómi og [...]. Þessu mótmæli stefndi Matvælastofnun. Stefnandi hafi aldrei greint stofnuninni frá þessu og þeir starfsmenn sem tóku viðtalið hafi ekki vitað um þessa stöðu stefnanda. Þessar upplýsingar hafi hvorki komið fram í gögnum sem fylgdu umsókn stefnanda né í starfsviðtali við hann. Þær hafi ekki heldur komið fram í neinum þeirra tölvuskeyta sem hann sendi stofnuninni frá 5. júní til 21. júlí eða í kærumáli sem hann rak fyrir kærunefnd jafnréttismála.

Samkvæmt 4. mgr. 26. gr. þágildandi laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 10/2008 verði að liggja fyrir einhverjar vísbendingar eða líkur á beinni eða óbeinni mismunun vegna kynferðis svo það komi í hlut atvinnurekanda að sýna fram á að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ákvörðun hans. Með hliðsjón af framangreindu sé ekkert komið fram í málinu sem haggi því mati stofnunarinnar að konan sem var ráðin hafi staðið stefnanda framar sé litið til krafna um menntun, starfsreynslu og sérþekkingu sem gerðar voru. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á neinar vísbendingar um mismunun á grundvelli kynferðis og sjónarmið um sönnunarbyrði atvinnurekanda í þeim efnum komi því ekki til álita. Því beri að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Stefnandi krefjist viðurkenningar á rétti sínum til skaðabóta fyrir að hafa ekki verið ráðinn í starfið. Stefndi íslenska ríkið mótmæli þeirri kröfu. Ekkert bendi til þess að starfsmenn Matvælastofnunar hafi staðið á saknæman eða ólögmetan hátt að ráðningarferlinu eins og fullyrt er í stefnu.

Á stefnanda hvíli sönnunarbyrði fyrir því að hann hafi verið hæfari til starfsins en sú sem var ráðin. Þá sönnunarbyrði hafi hann ekki axlað. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á að hann hafi beðið fjártjón vegna ákvörðunar stofnunarinnar. Ekkert liggi fyrir í gögnum málsins um það meinta tjón sem hann telji sig hafa orðið fyrir, né hafi hann leitt að því líkur að hann hafi orðið fyrir slíku tjóni. Því beri að sýkna stefndu af viðurkenningarkröfu stefnanda.

Stefndi vísi til þess að stefnandi hafi ekki sýnt fram á að í ákvörðun Matvælastofnunar hafi falist ólögmet meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu stefnanda í skilningi 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Sönnunarbyrði fyrir því hvíli á stefnanda. Stefndi íslenska ríkið mótmæli því að í ákvörðuninni hafi falist meingerð gegn persónu hans, en hún hafi hvorki verið til þess fallin að kasta rýrð á starfsheiður stefnanda né lítillækka hann. Stefndi telji því ekki uppfyllt skilyrði miskabóta, hvorki á grundvelli 31. gr. þágildandi laga nr. 10/2008 né 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Samkvæmt 31. gr. þágildandi laga nr. 10/2008 sé sá sem, af ásettu ráði eða vanrækslu, brjóti gegn lögunum skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum. Þá sé samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga heimilt að láta þann sem beri ábyrgð á ólögmetri meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns greiða miskabætur þeim sem misgert var við. Stefndi íslenska ríkið byggir á því að stefnandi hafi ekki sýnt fram á að uppfyllt sé skilyrðið um verulegt gáleysi og því sé ekki efni til að dæma honum miskabætur. Eins og rakið hafi verið hafi farið fram faglegt mat á hæfni umsækjenda, bæði innan stofnunarinnar og við meðferð málsins hjá kærunefnd jafnréttismála, en stefnandi hafi ekki sýnt fram á að honum hafi fremur borið starfið en

þeirri sem það hlaut. Vísast um það efni til málsástæðna að baki sýknukröfu stefndu.

Verði fallist á að stefnandi eigi rétt til miskabóta vegna ráðningarinnar sé krafist verulegrar lækkunar á dómkröfu stefnanda. Stefnandi hafi ekki lagt fram nein gögn sem renni stoðum undir svo háar miskabætur. Hann færi ekki nein rök fyrir því hvernig fjárhæðin sé fundin en gera verði þá kröfu til stefnanda að hann sýni fram á það með gögnum að tilefni sé til að dæma honum hærri miskabætur en samkvæmt dómvenju.

Niðurstaða

Það er álitafni þessa máls hvort úrskurður kærunefndar jafnréttismála, í máli nr. 13/2020 frá 21. október 2020, sé haldinn svo verulegum form- eða efnisannmörkum að fella verði hann úr gildi.

Áréttá má að það var ekki hlutverk kærunefndar jafnréttismála að endurmeta það hvern af umsækjendum hefði átt að ráða í starfið. Heldur var það hlutverk nefndarinnar að meta hvort ákvörðun Matvælastofnunar um ráðningu hefði brotið í bága við 1. mgr. 26. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Á sama hátt er það ekki hlutverk dómsins að endurmeta það hvern af umsækjendum átti að ráða í starfið heldur að meta hvort kærunefndin hafi fylgt þeim reglum sem um starf hennar gilda, sem eru skráðar og óskráðar reglur stjórnarsýsluréttar, sem og tiltekin ákvæði laga nr. 10/2008 sem þá giltu um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Í málsástæðum sínum byggir stefnandi á ýmsum sjónarmiðum um ráðningarferlið almennt sem varða ekki tiltekna hæfnisþætti á því matsblaði sem var notað við mat á umsækjendum og verður fyrst litið til þeirra.

Ráðningarferlið gallað

Stefnandi byggir á því að ráðningarferlið hafi verið verulega gallað þar eð umsókn hans hafi ekki hlotið eðlilega meðferð og stigum fyrir einstaka matsþætti hafi verið hagrætt eftir á.

Eins og fram er komið fékk stefnandi í upphafi 3 stig fyrir þekkingu sína á gæðakerfinu HACCP (GÁMES) en samtal hans við mannauðsstjóra Matvælastofnunar 5. júní 2020 hafði þau áhrif að stigum bæði hans og karlsins sem fékk annað starfið var fjölgað úr 3 í 4.

Með vísan til þess hversu lífill munur var á stefnanda og konunni í stigagjöf-inni, og með hliðsjón af ráðningarferlinu í heild, telur stefnandi að stigagjöf-inni hafi verið hagrætt eftir að hann hringdi í mannauðsstjóran á þann hátt að samhliða því að

hann fékk fleiri stig í hæfnisþættinum „Þekking á gæðakerfum, löggjöf og HACCP“ hafi stig verið dregin af honum í öðrum hæfnisþáttum.

Stefnandi ýjaði að þessum grun sínum við meðferð málsins fyrir kærunefndinni en nefndin virðist ekki hafa litið svo á að hann hreint og beint byggði á því að eftir að honum voru veitt 4 stig fyrir þennan matsþátt hefðu verið dregin af honum stig í öðrum matsþáttum og tók grunsemdir stefnanda því ekki til umfjöllunar.

Stefnandi hefur ekki fært neinar sönnur á þennan grun sinn. Dómurinn getur því ekki fallist á að stefnandi hafi leitt sterkar líkur að því að kyn umsækjanda hafi legið til grundvallar ráðningunni og þar með hafi hann felld sönnunarbyrði um hið gagnstæða á stefnda Matvælastofnun.

Stofnunin féllst á það að stefnandi hefði lengri reynslu og nýrri þekkingu á HACCP-kerfinu en starfsmenn töldu í upphafi og leiðrétti því stigagjöf sína. Stefnandi hefur ekki sýnt fram á að upphaflegt mat stofnunarinnar, þ.e.a.s. að þekking stefnanda væri ekki ný, hafi byggst á ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Að mati dómsins verður af þessari leiðréttingu ekki dregin sú ályktun að ákvörðun stofnunarinnar um ráðningu sé í heild sinni haldin verulegum annmarka sem valdi ógildi hennar.

Framsetning minnispunkta úr starfsviðtali

Stefnandi byggir á því að framsetning minnispunkta stefnda Matvælastofnunar úr starfsviðtalinu sé afar óvönduð og einkennist víða af andúð í garð hans.

Viðtalið fór fram 27. maí 2020 og í því studdust starfsmenn stofnunarinnar við spurningablað þar sem spurt var um þá hæfnisþætti sem voru tilgreindir á matsblaðinu, hver væri þekking umsækjenda og reynsla. Þeir voru einnig beðnir að lýsa sjálfum sér. Fram kom fyrir dómi að hefðu svör umsækjenda gefið tilefni til hefði verið spurt ítarlegar um ýmsa þætti. Sjá má af úrskurði kærunefndarinnar að það hafi verið nokkurt bitbein stefnanda og stefnda Matvælastofnunar hvert hefði verið efni svara stefnanda og hvort starfsmenn stofnunarinnar hefðu punktað þau rétt hjá sér. Hið sama kom fram í skýrslum fyrir dómi.

Dómurinn telur engar sönnur hafa verið færðar á að starfsmenn stefnda sem tóku viðtalið hafi vísvitandi bókað hjá sér annað en það sem kom fram í máli stefnanda eða vísvitandi sleppt einhverju sem hefði verið honum hagstætt. Dómurinn telur ekki heldur sýnt fram á að það hvernig svör hans voru dregin saman hafi ráðist af sérstakri andúð í garð hans.

Meðal gagna málsins eru svör stefnanda og karlsins og konunnar sem fengu starfið. Punktun er niður svör við 16 spurningum. Í lok hvers lista eru skráð samandregin heildaráhrif spyrjenda að viðtali loknu. Af þeim er ljóst að þeir sem tóku viðtalið töldu karlinn og konuna sem fengu starfið hafa komið betur fyrir en stefnanda.

Opinberum aðilum sem ráða fólk til starfa er veitt svigrúm til þess að meta

frammistöðu þess í viðtölum. Að því marki sem viðtalið hafði áhrif á mat á hæfni umsækjenda í ýmsum matsþáttum þykir mega leggja til grundvallar skráð svör þeirra. Dómurinn telur því að svör við spurningum umsækjenda sýni ekki fram á ágalla á starfsviðtali við stefnanda.

Menntun

Sá hæfnisþáttur sem vó þyngst fyrir starfið (20%) var menntun. Þar fengu fjórir efstu umsækjendurnir 3 stig af 4 mögulegum, stefnandi þar á meðal. Þau sem sáu um ráðninguna töldu engan umsækjanda hafa viðbótarmenntun sem nýttist í starfi.

Við meðferð fyrir kærunefnd jafnréttismála vísaði Matvælastofnun til þess að konan hefði í raun átt að fá 4 stig fyrir menntun sína en ekki 3 stig en hún var með BSc.-gráðu í næringarfræði og M.Sc-gráðu í matvælafræði. Stefnandi telur ómálefnalegt af kærunefndinni að taka undir það sjónarmið stefnda Matvælastofnunar að menntun konunnar hafi verið vanmetin í ráðningarferlinu enda hafi næringarfræði ekki verið meðal þeirra faggreina sem voru taldar upp í auglýsingunni.

Dómurinn fær ekki séð að það sé ómálefnalegt af kærunefndinni að taka undir með Matvælastofnun að það hefði verið hægt að flokka næringarfræði sem „umframmenntun“ sem nýttist í starfi. Sú afstaða kærunefndarinnar breytir þó ekki neinu því matið hafði farið fram og ráðið hafði verið í starfið á grundvelli þess mats. Þeir sem tóku ákvörðunina gáfu þessari viðbótarmenntun ekki neitt vægi.

Reynsla af opinberu eftirliti

Premur hæfnisþáttur var gefið 15% vægi. Þeirra fyrstur var reynsla af opinberu eftirliti. Hún var kostur en ekki krafa. Eins og áður greinir var í hæfnislýsingu fyrir stigafjölda á matsblaðinu einungis gert ráð fyrir því að þeir fengju stig sem hefðu sinnt opinberu eftirliti. Um störfín sótti einnig fólk sem hafði verið gæðastjórar í matvælafyrirtækjum og hafði því reynslu af því að fá heimsóknir eftirlitsmanna og þekkti jafnvel kerfi Matvælastofnunar, skýrslur og skoðunarhandbækur. Þegar í ljós kom að meðal umsækjenda var fólk með þessa reynslu af því að taka á móti opinberu eftirliti þótti ómálefnalegt að sú reynsla yrði einskis metin. Sviðstjóri lagði því til að fólk með reynslu af því að taka á móti eftirliti gæti fengið allt að 2 stig í hæfnisþættinum „Reynsla af opinberu eftirliti“ og var hæfnislýsingu fyrir 1 og 2 stig breytt til samræmis við það.

Stefnandi telur í fyrsta lagi ómálefnalegt að flokka reynslu af því að hafa sætt opinberu eftirliti undir hæfnisþáttinn reynsla af opinberu eftirliti. Stefnandi telur umfjöllun kærunefndar jafnréttismála um þennan matsþátt haldna alvarlegum galla. Nefndin láti hjá líða að leggja raunverulegt mat á hvort málefnalegt sé að samskipti við opinberan eftirlitsmann geti falið í sér reynslu af opinberu eftirliti. Mat kær-

nefndar á þessum matsþætti sé ómálefnalegt og yfirborðskennt.

Í öðru lagi telur stefnandi að Matvælastofnun hafi verið að aðlaga hæfnislýsingu fyrir þennan þátt konunni í hag.

Í þriðja lagi telur hann reynslu konunnar af því að taka á mótí opinberu eftirliti svo smávægilega að það standi ekki undir þeim 2 stigum sem hún hafi fengið.

Dómurinn fellst á það með stefnanda að kærunefndin orði ekki hreint og beint afstöðu sína til þess hvort það sé málefnalegt að fella reynslu af því að taka á mótí opinberu matvælaeftirliti undir hæfnisþáttinn „Reynsla af opinberu eftirliti“. Í lok umfjöllunar nefndarinnar um þennan hæfnisþátt segir: „Að virtum framangreindum rökum kærða telur kærunefndin ekki tilefni til athugasemda við niðurstöðu kærða í þessum matsþætti.“ Dómurinn telur að skilja verði þessi orð þannig að nefndin fallist á þau rök Matvælastofnunar að reynsla af því að taka á mótí og hafa sætt opinberu matvælaeftirliti geti verið gagnleg fyrir þá starfsmenn sem síðan fara að vinna við opinbert eftirlit og það væri ómálefnalegt að líta algerlega fram hjá þeirri reynslu við mat á umsækjendum.

Konan sem var ráðin hafði á fimm ára tímabili unnið hjá þremur matvælafyrirtækjum. Hún bar fyrir dómi að í vinnu sinni sem gæðastjóri hefði hún tekið á mótí starfsmönnum heilbrigðiseftirlitsins, Matvælastofnunar og erlends eftirlitaðila. Heimsókn hinna fyrrnefndu hefði tekið hálfan eða heilan dag. Heimsókn erlenda aðilans hefði tekið þrjá heila, langa daga og hefði fyrirtækið þurft að sýna fram á að það uppfyllti gæðastaðlana BRC og IFS. Það sé umfangsmikil reynsla að sæta eftirliti þessa erlenda úttektaraðila. Hún bar að það hefði einnig gagnast sér mikið í starfi að vita hvernig það er að fá eftirlitsaðila í heimsókn.

Eftir að hafa hlýtt á þennan vitnisburð telur dómurinn að það sé málefnalegt við mat á því hvort umsækjandi eigi að fá stig í þessum hæfnisþætti að líta til þess að hann hafi reynslu af því að taka á mótí eftirlitsfólki. Af sömu sökum telur dómurinn að það hafi verið málefnalegt af nefndinni að taka undir rök Matvælastofnunar fyrir því að þessi reynsla gæti gefið allt að 2 stig.

Eins og áður segir komst sviðstjórinn að þeirri niðurstöðu að það væri ómálefnalegt að meta reynslu af því að taka á mótí eftirlitsfólki og þekkja þær kröfur sem það gerir og hvernig það vinnur ekki til neins í þessum hæfnisþætti. Samkvæmt gögnum málsins var það í tilefni af umsókn karlkyns umsækjanda sem ákveðið var að fólk með þessa reynslu gæti fengið allt að 2 stig í þessum hæfnisþætti. Dómurinn getur því ekki fallist á þau rök stefnanda að hæfnislýsing í þessum hæfnisþætti hafi verið aðlöguð að reynslu konunnar sérstaklega.

Eins og áður greinir lýsti konan fyrir dómi þeirri reynslu sem hún hefði af því að taka á mótí opinberu matvælaeftirliti, en hún hafði starfað sem gæðastjóri hjá þremur fyrirtækjum á fimm ára tímabili. Með vísan til frásagnar hennar fellst dómur-

inn ekki á að reynsla hennar af því hafi verið svo smávægileg sem stefnandi byggir á. Dómurinn fellst því ekki á að það hafi verið ómálefnalegt af Matvælastofnun að telja hana eiga að fá 2 stig fyrir þessa reynslu. Með sömu rökum var ekki ómálefnalegt af kæruneftndinni að gera ekki athugasemdir við mat Matvælastofnunar á þessum þætti.

Þekking af matvælaframleiðslu og reynsla

Þekkingu og reynslu umsækjenda af matvælaframleiðslu var einnig veitt 15% vægi og var sá hæfnisþáttur krafa. Stefnandi telur það ómálefnalegt að gefa konunni 4 stig af 4 fyrir þann matsþátt. Hann telur að haldbæra reynslu, sem gagnist raunverulega í starfinu, þurfi að öðlast með því að handleika matvæli, oft með tilheyrandi blóði og slori, enda sé skynmat til að meta ferskleika og gæði hráefnis t.d. mjög mikilvægur hluti af framkvæmd gæðaeftirlits með sjávarafurðum og slíkt mat krefjist mikillar þjálfunar.

Sviðstjórinn bar fyrir dómi að stofnunin hefði ekki verið að leita að fólki með þekkingu á skynmati. Skynmat á fiski t.d. færi fram hjá framleiðandanum og væri það á hans ábyrgð að sinna því. Hlutverk eftirlitsmanna Matvælastofnunar væri einungis að kanna hvort framleiðendurnir sinntu þessari skyldu sinni. Því hefði umsækjandi ekki þurft að hafa slíka reynslu.

Samkvæmt matsblaðinu þurfti umsækjandi að hafa starfað í það minnsta í fimm ár í faginu til þess að geta fengið 4 stig. Konan hafði unnið hjá þremur matvæla-fyrirtækjum frá árinu 2015 og þar til hún sótti um vorið 2020. Hún fór í fæðingarorlof í mars 2019 og var enn í því í maí 2020. Á þeim tíma hafði hún unnið fyrir ýmis matvælafyrirtæki í verkefnum á sínu fagsviði og taldi hún starfshlutfall sitt í fæðingarorlofinu hafa verið um 40%. Dómurinn telur því liggja fyrir að hún hafi unnið fimm ár í faginu, frá útskrift vorið 2015 til maí 2020. Ekki sé unnt að gera þá kröfu að umsækjendur hafi allan þann tíma unnið í 100% starfshlutfalli. Þá telst það ekki vera mismunun að taka sérstakt tillit til kvenna vegna meðgöngu og barnsburðar, sbr. 3. mgr. 24. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, sem giltu á þessum tíma.

Dómurinn telur það því ekki hafa verið ómálefnalegt af kæruneftndinni að fallast á það mat Matvælastofnunar að konan hefði uppfyllt skilyrði til þess að hljóta 4 stig fyrir þennan hæfnisþátt.

Þekking á gæðakerfum, löggjöf og HACCP

Þriðji hæfnisþátturinn sem var einnig veitt 15% vægi var þekking á gæðakerfum, þar á meðal HACCP og löggjöf um matvælaeftirlit. Stefnandi gerir strangt til tekið ekki athugasemdir við stig konunnar í þessum hæfnisþætti. Komið er fram að eftir að hann ræddi við mannauðsstjóra Matvælastofnunar var stigum sem bæði hann

og karlinn sem fékk starfið fjölgað úr 3 í 4.

Samkvæmt úrskurði kærunefndar jafnréttismála gerði stefnandi ekki athugasemdir við þennan þátt í matinu fyrir nefndinni.

Umsagnir

Premur liðum á matsblaðinu var gefið 5% vægi og var liðurinn umsagnir þar á meðal. Stefnandi telur að stefndi Matvælastofnun hafi á ómálefnalegan hátt tekið þennan matsþátt út að eigin geðþótta.

Í þeim gögnum sem stefnandi sendi Matvælastofnun vegna umsóknar sinnar tilgreindi hann ekki umsagnaraðila. Í viðtalinu mun hann hafa nafngreint fyrrum samstarfsmenn sem voru komnir til starfa hjá Matvælastofnun. Þeir sem tóku viðtalið litu ekki svo á að hann væri að benda á meðmælendur enda ættu meðmælendur að vera yfirmenn en ekki fólk sem viðkomandi hefði unnið með um skamman tíma fyrir svo og svo löngu.

Stefnandi byggir meðal annars á því að hann hafi mátt hafa réttmætar væntingar til þess að rætt yrði við þá sem hann benti á og aflað frekari upplýsinga um hann, einkum vegna huglægar þátta í matinu.

Í auglýsingu um starfið er ekki tilgreint að leitað verði umsagna um umsækjendur. Við meðferð málsins fyrir dómi kom ekki fram að það hefði verið rætt í starfsviðtali að umsagna yrði aflað. Eftir því sem næst verður komist vissi stefnandi ekki af því að liðurinn „Umsagnir“ væri hluti af matsþáttunum og kynni því að hafa þýðingu fyrir matið fyrr en honum barst rökstuðningur stefnanda 10. júní 2020. Ráðið hafði verið í starfið nokkrum dögum fyrr. Þar eð stefnanda varð þessi matsþáttur ekki kunnur fyrr en eftir að umsóknar- og ráðningarferlinu var lokið gat hann að mati dómsins ekki haft réttmætar væntingar til þess að leitað yrði til umsagnaraðila.

Kærunefndin tók fram að vegna huglægra þátta í matstöflunni hefði stofnunin, í ljósi rannsóknarskyldu sinnar, haft fullt tilefni til að leita umsagna um umsækjendur. Nefndin vísaði hins vegar til þess svigrúms sem veitingarvaldshafar njóti til mats við ráðningu, þar á meðal til að meta frammistöðu umsækjenda í viðtölum. Af þeim sökum taldi kærunefndin ekki tilefni til að gera athugasemdir við mat stofnunarinnar á huglægum hæfnisþáttum þótt ekki hefði verið leitað umsagna um umsækjendur.

Til þess er einnig að líta að þessi ákvörðun gekk jafnt yfir alla umsækjendur því ekki var leitað umsagnar um neinn þeirra. Ekkert er komið fram sem bendir til þess að stofnunin hafi hætt við að ræða við umsagnaraðila því það kæmi konunni sem fékk starfið betur enda veit enginn hvaða umsagnir hver umsækjandi um sig hefði fengið. Dómurinn telur ekki heldur að stefnandi hafi leitt neinar líkur að því að [...] -sjúkdómur hans eða [...] hafi haft áhrif á afstöðu viðmælenda til hans í starfsviðtalinu sem hefði mátt eða þurft að leiðrétta með því að ræða við umsagnaraðila.

Samstarfshæfni, lipurð í mannlegum samskiptum (teymisvinna)

Tveimur hæfnisþáttum var gefið 10% vægi. Annar þeirra var „Samstarfshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum (teymisvinna)“. Stefnandi telur Matvælastofnun ekki hafa sýnt fram á annað en að hrifnæmi hafi ráðið mati á „samstarfshæfni og lipurð í samskiptum“. Því til stuðnings bendir hann á minnispunkta úr starfsviðtali við konuna sem sýni hana eingöngu í björtu ljósi.

Fyrir dómi báru bæði sviðstjóri og mannauðsstjóri Matvælastofnunar að þrátt fyrir margvíslega samhæfingu hefði stofnunin verið gagnrýnd fyrir að munur á framgöngu eftirlitsmanna við matvælaeftirlit. Því hefði á síðastliðnum árum verið unnið að því að „teymisvæða“ stofnunina með það að markmiði að samræma enn frekar vinnubrögð starfsmanna þ.a. þeir ynnu sem samhæft teymi og dregið yrði úr einstaklingsbundnu verklagi við matvælaeftirlit. Í umsóknargögnum konunnar og í viðtali við hana hefði komið fram að hún hefði mikla reynslu af vinnu í teymi, í [...] í áratug og hún hefði einnig unnið í gæðateymi hjá matvælaframleiðanda. Hún hefði lýst því vel í viðtalinu hvernig [...] ynnu sem teymi og hún hefði getað lýst því betur en margir umsækjendur í hverju teymisvinna fælist.

Stefnandi hefði hins vegar ekki sýnt í viðtalinu að hann hefði sambærilega þekkingu á því hvað fælist í teymisvinnu. Fyrir dómi nefndi stefnandi sama dæmi og hann greindi frá í viðtalinu um reynslu sína af teymisvinnu við að uppgötva orsök alvarlegrar salmonellusýkingar fyrir allmörgum árum. Við meðferð málsins fyrir dómi kom einnig fram að þeim sem tóku viðtalið hefði ekki fundist stefnandi leggja sama skilningi í hugtakið teymisvinna og gert væri hjá Matvælastofnun.

Við meðferð málsins hjá kæruneftinni kom fram að sú vinnustaðarmenning sem Matvælastofnun vilji byggja upp og hafi verið að byggja upp grundvallist á teymisvinnu en í henni felist meðal annars gagnkvæmt traust, virk hlustun og virðing. Ljóst er að þeim sem tóku ráðningarviðtalið fannst þessir þættir koma sterkar fram í viðtölum við karlinn og konuna sem fengu starfið en hjá stefnanda.

Í hæfnislýsingu fyrir stigagjöf í þessum hæfnisþætti er einungis talað um teymisvinnu, einhver skilningur á teymisvinnu (2 stig), einhver reynsla af teymisvinnu (3 stig) og mjög góð, haldbær reynsla af teymisvinnu (4 stig). Að mati dómsins er því ljóst að teymisvinnan, bæði skilningur á henni, reynsla af henni og vilji og geta til að vinna í teymi var þungamiðjan í þessum hæfnisþætti. Hann var því ekki jafnhuglægur og ætla mætti. Af umsóknargögnum og viðtali verður ekki annað ráðið en að reynsla stefnanda af teymisvinnu sé umfangsminni en reynsla konunnar. Dómurinn telur ekkert fram komið sem skýri mun á stigagjöf stefnanda og konunnar annað en meiri reynsla hennar af teymisvinnu. Ekkert bendir til þess að hún hafi fengið stigin vegna hrifnæmis þeirra sem tóku viðtalið.

Færni til tjáningar í ræðu og riti

Hæfnisþættinum „Færni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku“ var gefið 10% vægi. Stefnandi telur að stefndi hafi vanrækt rannsóknarskyldu sína með því að kanna ekki færni hans í ritun texta á ensku og brotið með því stjórnsýslulög.

Það er rétt hjá stefnanda að í auglýsingunni er ekki tekið fram að leggja eigi fram með umsókn texta á ensku. Þar er tekið fram að með umsókn skuli leggja fram prófskírteini, ítarlega starfsferilskrá svo og kynningarbréf þar sem grein sé gerð fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur færður fyrir því hvernig umsækjandi uppfylli hæfniskröfur. Einn hæfnisliðurinn er góð íslensku- og enskukunnátta. Það lá því fyrir frá upphafi að gert var ráð fyrir því að umsækjendur gerðu á einhvern máta grein fyrir því að enskukunnátta þeirra væri góð. Í umsókn sinni tók hann fram að hann hefði góða færni í ensku og dönsku. Hann nefndi þó engin dæmi þar sem hefði reynt á þá þekkingu. Í lok umsóknarinnar óskaði hann eftir því að hann yrði látinn vita vantaði einhverjar upplýsingar. Strax daginn eftir fékk hann svar frá sviðstjóra þar sem var áréttað hvað fylgja ætti umsókn. Daginn þar á eftir sendi hann ítarlegra tölvuskeyti með umsókn um starfið. Hann gerði betri grein fyrir námi en í fyrri umsókn en tók þó ekki fram að hann hefði tekið námskeið í [...] skóla árið 1989 og lagt þar fram ritgerð á ensku. Einungis stóð sem fyrr að hann hefði góða færni í ensku og dönsku. Í tölvuskeyti 9. maí bætti hann við upplýsingum um starfsferil sinn og reynslu en þar kom ekkert frekar fram um tungumálakunnátta. Hvorki var minnst á námskeið erlendis né ritgerð á ensku. Þessar upplýsingar komu ekki fram fyrr en eftir að ákvörðun um ráðningu hafði verið tekin. Dómurinn fellst ekki á það með stefnanda að stofnuninni hafi verið skylt í starfsviðtalinu að biðja stefnanda að leggja fram upplýsingar um færni sína í að rita ensku. Það hefur ekki heldur þýðingu þótt stefnandi hafi þegar þungvægustu hæfnisþættirnir, sem vógu ýmist 15% eða 20%, voru lagðir saman haft jafnmörg stig og karlinn sem var ráðinn.

Stefnandi lagði fram umsóknargögn konunnar og karlsins sem fengu störfín. Konan tók fram í ferilskránni undir liðnum tungumálakunnátta að M.Sc.-nám hennar hefði farið fram á ensku og lokaritgerð hennar hefði einnig verið á ensku. Karlinn tók fram í ferilskránni undir liðnum tungumál að hann hefði unnið samstarfsverkefni með dönskum og enskum fyrirtækjum og gengið vel að tjá sig í því samstarfi.

Starfsmenn Matvælastofnunar lögðu mat á þennan hæfnisþátt út frá því sem kom fram í umsóknargögnum og viðtali. Af úrskurði kærunefndarinnar verður ekki annað ráðið en að hún hafi talið að stofnunin hefði ekki þurft að ganga lengra við að grafast fyrir um þekkingu stefnanda á þessu sviði. Miðað við þær upplýsingar sem Matvælastofnun hafði undir höndum, þegar ákvörðun var tekin, var enskuþekking konunnar meiri en stefnanda.

Kærunefndin áréttar í umfjöllun sinni að umsækjendum um störf beri að kynna sér þær hæfniskröfur sem séu til dæmis tilgreindar í auglýsingu og þeir beri sjálfir ábyrgð á því að leggja fram þær upplýsingar sem þörf sé á hverju sinni til þess að sá sem ráði í viðkomandi starf hafi réttar forsendur til að meta hæfni umsækjenda.

Dómurinn fær ekki séð að annmarki hafi verið á úrlausn kærunefndarinnar varðandi þennan hæfnisþátt í matinu.

Í þessum þætti máls síns bendir stefnandi á að hann hafi talsvert betri tök á íslensku, bæði orðaforða og málfræði, en karlumsækjandinn. Engu að síður hafi karlinn fengið 4 stig fyrir þennan hæfnisþátt en stefnandi einungis 2. Það sýni hversu ómálefnaleg sjónarmið hafi legið til grundvallar stigagjöfnni. Dómurinn telur ekki þörf á að taka afstöðu til þessara viðbótarraka enda var það einungis hlutverk kæruneftdarinnar að meta hvort stefnandi væri jafnhæfur konunni eða hæfari og stefnandi byggði ekki á því fyrir nefndinni að mat stofnunarinnar hefði verið ómálefnalegt vegna rangs mat á þekkingu og færni karlsins í íslensku.

Tölvukunnátta

Hæfnisþættinum „Tölvukunnátta“ var veitt 5% vægi á matsblaðinu en stefnandi telur þekkingu sína á því sviði hafa verið vanmetna. Hann hafi fengið 2 af 4 stigum fyrir þann matsþátt í stigatöflu. Við meðferð málsins hjá kærunefndinni hefur nefndin það eftir stefnanda að hann dragi ekki í efa að konan sem fékk starfið hafi haft meiri tölvufærni en hann og lagði nefndin það svar hans til grundvallar niðurstöðu sinni. Dómurinn fær því ekki séð að ágreiningur hafi verið um mat Matvælastofnunar á þessum hæfnisþætti og því þarf dómurinn ekki að leggja mat á efnislega afstöðu kæruneftdarinnar til hans.

Sjálfstæði, nákvæmni og vinnubrögð

Hæfnisþættinum „Sjálfstæði, nákvæmni og vinnubrögð“ var veitt 5% vægi í matstöflunni. Ekki verður séð að stefnandi gagnrýni mat stofnunarinnar á þessum þætti í ráðningarferlinu.

Stefnandi hefur bent á að þegar lögð séu saman stig í þeim hæfnisþáttum sem séu hlutrænir og hafi verið veitt þyngst vægi og nemi samanlagt 65% af hæfnisþáttum hafi hann og hinn karlinn staðið jafnt að vígi.

Þetta er rétt. Veitingarvaldshafinn á hins vegar að leggja heildarmat á hæfni umsækjenda út frá þeim sjónarmiðum sem hann valdi með hliðsjón af því starfi sem umsækjandinn átti að gegna. Í hinum hæfnisþáttunum var konan talin standa stefnanda nokkru framar og vó þar einkum þungt að hún hafði tiltölulega nýlega lokið framhaldsnámi sem fór fram á ensku og hafði umfangsmeiri reynslu af teymisvinnu og

skilningur hennar á slíkri vinnu féll að því hvernig stofnunin skilgreindi hana, en báðir þessir þætti höfðu 10% vægi.

Eins og fram er komið telur dómurinn að stefnandi hafi ekki sýnt fram á að stefndi Matvælastofnun hafi haft ómálefnaleg sjónarmið að leiðarljósi við ákvörðun um ráðningu í umrætt starf. Hann hafi því ekki sýnt fram á að ákvörðun um val milli umsækjanda hafi stýrst af kyni þeirra, sbr. 4. mgr. 26. gr. laga nr. 10/2008, þannig að stofnunin hafi ráðið konu í starf sem karl var hæfari til að gegna.

Dómurinn telur stefnanda ekki heldur hafa sýnt fram á að kærunefnd jafnréttismála hafi lagt ómálefnaleg sjónarmið til grundvallar niðurstöðu sinni eða að hún hafi við meðferð málsins brotið gegn málsmeðferðarreglum stjórnsluréttar. Stefnandi hafi því hvorki fært sönnur á verulega annmarka á ákvörðun Matvælastofnunar né annmarka á efnislegri niðurstöðu eða málsmeðferð kærunefndar jafnréttismála. Því verður ekki fallist á þá kröfu stefnanda að úrskurður nefndarinnar verði felldur úr gildi.

Ógildi úrskurðarins er forsenda og málsástæða fyrir miskabótakröfu stefnanda sem og kröfu hans um viðurkenningu á því að stefndi, íslenska ríkið, beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans vegna missis atvinnutekna. Þar eð dómurinn telur stefnanda ekki hafa sýnt fram á að uppfyllt séu skilyrði þess að úrskurður kærunefndarinnar verði ógiltur er þessi forsenda er ekki talin vera fyrir hendi og því verður ekki tekin afstaða til þessara krafna stefnanda.

Dómurinn hefur því alfarið hafnað kröfum og málsástæðum stefnanda. Engu að síður þykir rétt að málskostnaður milli málsaðila falli niður.

Ingiríður Lúðvíksdóttir héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

D Ó M S O R Ð

Stefndu, Matvælastofnun og íslenska ríkið, eru sýknir af kröfum stefnanda, A.

Hver málsaðili um sig beri sinn kostnað af málinu.

Ingiríður Lúðvíksdóttir